
3.490,-

full búð
af nýjum
vörum!



2.490,-



3.490,-



1.990,-



Putumayo, Kaupu tvo diska og
fáðu friðann safndisk
á meðan birgðir endast
verð á diskum
2.390,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

HRÆDDASTUR VIÐ RÚTÍN

22 ára gamall hefur **Mundi Vondi** getið sér gott orð sem grafískur hönnuður og myndlistarmaður, tekið þátt í gjörningum úti um allan heim og hannað þrjár fatalínur undir merkinu Mundi.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir
Ljósmyndir: Arnþór Birkisson

É g teiknaði mjög mikið sem krakki, en ég er lesblindur og með athyglisbrest sem kom ekki ljós fyrir en í tíunda bekk svo ég hélt eiginlega að ég væri algjör fáviti þangað til þá,“ segir Mundi brosandi, spurður hvenær sköpunarhæfileikar hans hafi komið í ljós. „Mér gekk ágætlega í barnaskóla en þegar ég kom í menntaskóla fóru einkunnirnar að hrapa. Ég var skárrí í raungreinum og fór á náttúru- og eðlisfræðibraut í MH, en féll síðan og fór þá í Iðnskólann í Reykjavík á myndlistarbraut. Fyrstu önnina tók ég bara verklega áfanga, en þegar ég sá fram á að önnina á eftir yrðu bara bóklegir áfangar sá ég auglýsta keramikbraut í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Ég ákvað að slá til og tók hálf tón þar. Keramik er alveg heill heimur út af fyrir sig og það var mjög skemmtilegt nám,“ segir Mundi, sem stóð sig vel og var í kjölfarið boðið til Ungverjalands ásamt tveimur samnemendum sínum. „Við vorum í klaustri í þrjár vikur og lærðum allt milli himins og jarðar um keramik, en eigandinn er mikill áhugamaður um Ísland og býður reglulega nemendum til sín,“ segir hann. Meðfram náminu í Myndlistaskólanum var hann einnig iðinn við grafíska hönnun og fékk ýmis verkefni tengd henni. „Ég var alltaf að dunda mér í tölvunni í hönnunarforritum, hannaði plaköt fyrir menntaskólaböll, aðallega fyrir MH og MR, og dundaði mér við að gera myndir í Photoshop,“ segir Mundi, sem sótti um í Listaháskólanum þar sem hann komst inn á grafíska hönnunarbraut, en hann hafði þá gert 114 blaðsíðna umsóknarmöppu í Photoshop.



Flott par Mundi og Tinna Bergsdóttir fyrirseta stefna á að flytja saman til útlanda á næstunni.

ÚT UM ALLAN HEIM

Fljótlega eftir að Mundi byrjaði í Listaháskólanum fór hann að vinna myndlist með Friðriki Svani Sigurðssyni eða Morra og Schuyler Jack Maehl. Saman stofnuðu þeir listahópinn MOMS og ekki leið á löngu þar til þeir voru kynntir fyrir austurríska listahópnum Gelitin. Eftir að hafa unnið með þeim við vel heppnaðan gjörning í Kling&Bang galleríinu ferðuðust þeir saman til New York, tóku þátt í Fenejvatvíæringnum og frömdu eftirminnilegan gjörning á Írlandi. „Við sýndum í rosalega flottu galleríi í New York, í eftirpartíi og matarboði í tilefni þess að ljósmyndarinn Jason Schmidt var að gefa út bók. Við byggðum risastóran skúlptúr yfir gestunum á meðan þeir voru að borða, brýr yfir borðin sem náðu alveg

upp í loft. Við stilltum okkur svo upp á fjórum hæðum, vorum allir með fötu á hausnum og gerðum svo svona pissugosbrunn. Fólk var þá aðeins farið að vikja, því á meðan við vorum að byggja þetta misstum við ýmislegt, svo sem skrúfur sem duttu ofan í matardiskana hjá fólki, en við fengum rosalega góð viðbrögð og það birtist mynd af okkur yfir heila opnu í V-Magazine,“ segir Mundi sem fer ásamt MOMS og Gelatin til Torino á Ítalíu í nóvember þar sem þeir munu syngja í óperu. Aðspurður segist hann ekki vita hvernig það muni fara fram. „Það besta við þessa gjörninga er að þeir eru mjög óskipulagðir. Það gerir það að verkum að það er stórt op fyrir einhverjar undarlegar uppákomur eða eitthvað óvænt. Það er það sem gerir þetta spennandi.“

MUNDI VONDI

Fyrir þremur árum byrjaði Mundi að hanna fót undir merkinu „Mundi“. Spurður um aðdragandann kemur í ljós að hann var með símaskrá í huga þegar fyrsta peysan varð til. „Á öðru ári mínu í Listaháskólanum var samkeppni um forsiðuna á símaskránni í grafísku hönnunardeildinni. Ég tók þá upp á því að láta þrjóna fyrir mig munstur til að skanna inn og prenta það svo utan á símaskrána, svona eins og hún væri þrjónuð. Hugmyndin mín vann nú ekki, en þegar ég fór og sá það sem ég var búinn að láta þrjóna spurði ég manninn sem sá um það hvort þeir gætu ekki saumað fyrir mig eina peysu úr því. Seinna um daginn var svo peysan tilbúin, með ákveðnu geimfaramunstri sem ég teiknaði. Þegar ég byrjaði að ganga í peysunni fékk hún svo mikla

athygli að ég ákvað að fara niður í Kronkron og spyrja Hugrónu og Magna hvort þau væru tilbúin að selja hana fyrir mig og það varð ákveðið „hitt“ úr því,“ segir Mundi, sem ákvað þá að gera heila fatalínu fyrir veturinn 2007 í samstarfi við móður sína, Sýgn Einarsdóttur, en þau stofnuðu fyrirtækið Mundi design ehf. í sameiningu. „Við sóttum um í „show-room“ í París þar sem við komumst að og seldum þar í tíu búðir um allan heim,“ útskýrir Mundi. Hann hannaði svo aðra línu sem hann kallaði Fisherman's invasion, eða Innrás fiskimannsins, og fékk þá styrk frá Útflutningsráði til að fara til Tokyo, Berlínar og sýna á dönsku tískuvíkunni. Í kjölfarið seldist sú lína tvöfalt betur en sú fyrsta. Í dag er hans þriðja lína í verslunum og sú fjórða kemur út í haust.

Gluggar Hurðir innopnaðir, útopnaðir, velti og rennigluggar
svalahurðir, útibúðir, rennihurðir

Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Viðhaldsfritt
Sérsmíði

www.solskalar.is
solskalar@solskalar.is
Sími: 514 4100 - Smíðabó 10 - 210 Garhóla

GLUGGAR & GARDHUS ehf

bak við tjöldin

Stjörnumerki:
Steingeit.

Uppáhaldsmatur:
Hrefnukjöt.

Uppáhaldsverslun:
Aftur.

Diskurinn í spilaranum:
Yoshimi Battles the Pink
Robots með Flaming Lips.



UNA

ERFIÐUR BRANSI

Aðspurður segir Mundi sér og móður sinni koma vel saman, en viðurkennir að hönnunarbransinn sé erfiður. „Við mamma erum rosalega góð saman og skilningsrík, en auðvitað rífumst við alveg. Þótt ég gæti ekki séð fyrir mér að vinna með neinum öðrum, þá vantar ennþá alveg viðskiptavitið í þetta, við erum bæði svo mikil fiðrildi. Við erum bæði búin að taka lán til að keyra þetta áfram, því þetta er algjört hark og maður þarf að koma með nýja línu tvisvar á ári. Þegar viðskiptafræðingurinn kemur inn í þetta fer þetta kannski að fullmótast,“ segir Mundi og brosir. Spurður hvaðan hann fái innblásturinn segir hann hönnun sína vera byggða á svólítið undarlegri framtíðarsýn. „Fólk hefur alltaf svólítið brenglaðar hugmyndir um hvernig við munum líta út í framtíðinni, að allt verði rosalega þröngt, með götum hér og þar. Mér finnst það ekki beint málið því við lifum í framtíðinni núna og ættum að klæða okkur eins og við séum í framtíðinni. Ég vil því gera fót sem koma okkur út fyrir þennan hefðbundna ramma.“

MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Mundi er í sambandi við Tinnu Bergsdóttur fyrirsætu. Hún hefur starfað á vegum Eskimo úti um allan heim, en þau kynntust í ágúst í fyrra þegar hún var í stuttu fríi hér landi og þau búa nú saman. Mundi segir þau stefna á að flytja úr landi á næstunni, en hvað varðar vinnu segist hann ekki vilja binda sig einungis við fatahönnunina. „Ég er ennþá að starfa sem myndlistarmaður og grafískur hönnuður og er svólítið að reyna að tvinna það saman við fatahönnunina. Ég vil geta tekið að mér ólík verkefni og vil byggja upp mitt nafn á því að ég geti gert hitt og þetta. Ég vil reyna að halda lífinu sem fjölbreyttustu því það sem ég er hræddastur við er þessi rútína sem við erum öll einhvern veginn fóst í. Ég er alltaf að berjast við að brjóta hana upp og krydda tilveruna hjá sjálfum mér og vonandi hjá fólkinu í kringum mig á sama tíma,“ segir Mundi.



Bókin á náttborðinu: Símaskráin. Hverju myndirðu sleppa til að spara? Bensíni.

Mesta dekið: Svettið. Áhrifavaldurinn:

Draumafríið: Gunnar Örn. Tunglið.

Líkamsræktin: Nýja þríhjól mitt.

Fimm frábær fegrunarráð



1. Ef þú vilt láta fingurna þína líta út fyrir að vera lengri og mjórri skaltu nota ljóst naglalakk. Dökkir og skærir litir breyta útlínunum fingrana svo þeir virðast styttri.


2. Til að fá meiri fyllingu í augnhárin er hægt að bera smá af gamla góða Nivea-kreminu á augnhárin áður en maskarinn er settur á.



3. Leyfðu húðinni að þorna vel eftir sturtu áður en þú setur á þig svitalyktareyði. Raki og hiti minnkar virknina svo svitalyktin kemur fyrir fram.



4. Hægt er að nota milt barnasjampó til að hreinsa augnmálinguna á kvöldin í stað þess að kaupa dýran augnfarðahreinsi.



5. Ef þú átt varaliti sem eru nánast uppnir er um að gera að skafa afganginn upp úr þeim, hita í örbylgju og setja í litla krukku. Þá fer ekkert til spillis, þú geturðu blandað saman mismunandi litum og borið svo á varirnar líkt og varasalva.

VERTU MEÐ FRÁ UPPHAFI ENSKI BOLTINN

FYRSTA UMFERÐ UM HELGINA

Kannt þú að halda bolta á lofti?

10 bestu fá mánaðarskrif til að Stöð 2 Sport 2 og sá allra bestu frá Enski Boltann frítt í allan vetur.

Keppa verður í A-önglunni á laugardaginn milli kl. 12:00 og 13:00. Staðu þig til helna í háls Stöðvar 2. Kringlunni fymtu það.

Á LAUGARDAG

KL. 16:15
Everton – Arsenal

KL. 11:30 Chelsea – Hull
KL. 13:45 Blackburn – Man.City
KL. 13:45 Aston Villa – Wigan
KL. 13:45 Wolves – West Ham
KL. 13:45 Portsmouth – Fulham
KL. 13:45 Stoke – Burnley
KL. 18:30 Mörk dagsins

Á SUNNUDAG

KL. 14:50
Tottenham – Liverpool

KL. 12:20 Man.Utd – Birmingham

ÞAD ER
ÓDÝRARA
AÐ HORFA Á ENSKA BOLTANN HEIMA

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

tíðin

* fylgist vel með

90'S-PARTÍ Ekki missa af brjáluðu 90's-partíi á Nasa annað kvöld með DJ Kiki-Ow og DJ Curver. Það verður án efa troðfullt svo þú skalt tryggja þér miða í tæka tíð ef þig langar til að dansa frá þér allt vit við skemmtilega 90's-slagara.

PUBLIC ENEMIES Myndin gerist á krepputímum fjórða áratugar síðustu aldar í Bandaríkjunum og segir sögu Johns Dillinger sem var þekktur fyrir fjölda vel heppnaðra bankarána. Ekki missa af Johnny Depp fara á kostum í frábærri kvikmynd.

Ása Ottesen tískubloggari:

Skellti sér í skóla

„Ég kláraði stúdent 1999, svo það eru tíu ár liðin síðan ég var í skóla,“ segir Ása Ottesen tískubloggari sem sest á skólabeck í haust. „Ég byrjaði að taka undirbúningsnámskeið í akademískum vinnubrögðum og var að klára það núna. Svo er ég að fara í félagsfræði og hlakka mikið til,“ útskýrir hún.

Ása hefur starfað í fataversluninni Gyllta kettinum undanfarin fjögur ár, en á morgun er síðasti vinnudagurinn hennar áður en skólinn hefst. Spurð

hvað tekur við að námi loknu segist hún sannfærð um að tískan verði ofarlega á blaði. „Ég hef ekkert ákveðið en ég veit að tískan verður alltaf áhugamál hjá mér og ef ég þekki mig rétt þá mun ég eithvað vinna við hana. Ég verð allavega með blogg-ið í vetur og svo kannski einhver verkefni sem gefa smá vasapening,“ segir Ása, en slóðin á tískubloggsíðu hennar er trend-land.blogspot.com. - ag

Á skólabeck Ása byrjar í félagsfræði í Háskóla Íslands í lok ágúst.



TUBÉREUSE ILMVATNIÐ ÚR SYSTRUM Við Madonna eigum sama uppáhalds ilminn frá L'artisan parfumeur.

BRÚN ÁN SÓLAR

Bobbi Brown hefur sent frá sér gel sem gerir húðina fallega brúna án sólar um leið og þú berð það á þig. Gelið, sem kallast All over bronzing gel, inniheldur einnig sólarvörn númer 15 svo húðin er varin gegn skaðlegum geislum sólarinnar. Gelið fæst nú í Golden Sun lit og er tilvalið fyrir allar húðgerðir.

HILDUR BJÖRK YEOMAN

fatahönnuður og tískuteiknari



PÚÐLUHUNDATÖSKURNAR mínar, heklaðar úr nótagarni og fást í ýmsum litum í Kronkron.



SJÁVARTEPPIÐ frá Viki Þrjónsdóttur fékk ég í afmælisgjöf frá manninum mínum.



Listynjurnar:

Stofnuðu band í sumarfríinu

„Við kynntumst í Listaháskólanum þar sem við vorum að taka kennsluréttindi og vorum allar að kenna tónmennt í vetur. Við erum búnar að halda hópinn og svo þegar okkur leiddist eitthvað ákváðum við að koma saman og gera eitthvað í sumarfríinu,“ segir Elfa Björk Rúnarsdóttir fiðluleikari og söngkona í hljómsveitinni Listynjur. Með henni eru þær Inga Stefánsdóttir söngkona og Elísabet Þórðardóttir píanóleikari, en í sumar hafa þær troðið upp á Thorvaldsen á miðvikudagskvöldum og flytja þar tón-

list úr öllum áttum í rómantíska kantinum.

„Við erum búnar að fara og spila í hádeginu í fyrirtækjum, bara svona til að gleðja fólk í kreppunni og koma fram í brúðkaupum og víðar. Við erum bara að leika okkur og erum algjörlega á eigin forsendum, en svo er þetta bara búið að vinda upp á sig,“ segir Elfa sem komst í úrslit í Idol-stjörnuleit árið 2003. „Framhaldið er svo kannski bara að taka upp eitt eða tvö lög og ef við fáum einhver gigg áfram munum við taka því,“ bætir hún við. - ag




Listynjur Þær Elfa Björk, Inga og Elísabet hafa meðal annars spilað á Thorvaldsen á miðvikudagskvöldum í sumar.




ÚTSAUMUÐ TÍSKUTEIKNING EFTIR MIG AF FÖGRU FLJÓÐI MEÐ SVANI FYRIR AUGNUM. Það er hægt að panta myndir í gegnum heimasíðuna mína hildur-yeoman.com.



DER eftir Thelmu úr Fabelhaft við Lauga-veg.



LITIRNIR MÍNIR, Túss, tré, blek og svo framvegis.



Á ÍSSKÁPNUM ER „COLLAGE“ AF MYNDUM SEM MÉR ÞYKIR VÆNT UM. Eins konar innblástur fyrir lífið.



ÍS FÓLKSBÆKURNAR. Ég á í ástar-haturs sambandi við þennan bókaflökk.



GÖNGUGRINDIN hans Högna sonar míns sem er nýorðinn 7 mánaða. Við fengum hana á Egilsstöðum í Góða hirðinum.

Grim's

Nýtt

Krakkafiskur

-fyrir krakka á öllum aldri



[Hollt og
fljótlegt]

Ýsa,
kartöflur,
tómatsósa
og smjör



Grimur kokkur ehf
www.grimurkokkur.is



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Unnur Pálmarsdóttir
eigandi Fusion



Byrja yndislegan dag á að fara í sund og gufu. Gott upphaf á góðum degi.




Nýt þess að fara í góðan hádegisverð hjá Ingvari á Salatbarnum! Þar er alltaf hollt og gott hlaðborð.



Fer í góðan göngutúr með Gylfa manninum mínum og hundinum okkar Max í fjörunni á Eyrarbakka.



Elda gómsætan kvöldverð með manninum mínum og býð góðum vinum í mat til okkar á Selfoss.



Enda daginn á að sitja úti við arininn okkar í garðinum í góðum vínahópi og spjalla um lífið og tilveruna. Ljúfur endir á frábærum föstudegi.

Auglýsing

Þingmenn Samfylkingarinnar og meðreiðarsveinn:

Ekki verður við ykkur tjónkað þar sem ljóst er að þið virðist flestir tilbúnir til að selja sálir ykkar og framtíð barna okkar til að liðka fyrir inngöngu í Evrópusambandið.

Aðrir þingmenn:

Ég eins og fjöldi annarra Íslendinga legg traust mitt á að þið búið yfir nægilegri greind til að gera allt sem í ykkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að þessari þjóð verði steipt í glötun.

Hafnið ríkisábyrgð á Icesave.

Þið verðið brennimerktir um alla framtíð samþykkið þið Icesave.

Ykkar verður minnst með virðingu hafnið þið Icesave.

Örn Gunnlaugsson, kt. 230662-2749.
Íslenskur ríkisborgari sem vill halda því áfram.

Auglýsing þessi er styrkt af:

Bindir & Stál – allt til járnabindinga

El-Bike – rafmagnsreiðhjól



Höfum stækkað garndeildina.

Opið aftur á
laugardögum í vetur.



Dalvegí 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

HALLE BERRY ER 43 ÁRA Í DAG

„Ég veit að ég er aðeins ein manneskja og mitt framlag er agnarsmátt.“

Bandaríska leikkonan Halle Berry hlaut Óskarsverðlaun árið 2002 fyrir hlutverk sitt í myndinni *Monster's Ball*. Hún er eina blökkukonan sem hefur hlotið Óskarsverðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 14. ÁGÚST ÁRIÐ 1942

Golfsamband Íslands stofnað

Pennan dag árið 1942 var Golfsamband Íslands stofnað en það er elsta sérsambandið innan ÍsÍ.

Golffíróttin hafði rutt sér til rúms á Íslandi tæpum áratug áður en læknarnir Gunnlaugur Einarsson og Valtýr Albertsson komust í kynni við íþróttina þegar þeir voru á ferðalagi um Svíþjóð og Danmörku snemma árs árið 1934. Þegar eftir heimkomuna hófu þeir undirbúning að stofnun golfklúbbs í Reykjavík og hinn 14. desember árið 1934 var Golfklúbbur Íslands (nú Golfklúbbur



GOLF Golffíróttin er mjög vinsæl á Íslandi í dag.

Reykjavíkur) formlega stofnaður.

Í fyrstu var tekið á leigu svonefnt Austurhlíðarland við Sundlaugarveg og þar var fyrsti golfvöllur landsins vígður hinn 12. maí árið 1935 en leigumálinn rann út árið 1937. Hinn 1. ágúst árið 1938 var níu holu golfvöllur og klúbbhús vígt í Öskjuhlíðinni en mannvirkinn mörkuðu tímamót í sögu golfsins.

Gunnlaugur Einarsson gegndi fyrstur formennsku í GSÍ en fyrsta landsmótið í golfi var haldið sama ár og sambandið var stofnað.

MERKISATBURÐIR

- 1942 Þýsk sprengjuflugvél sem stefndi til Reykjavíkur er skotin niður og er þetta fyrsta óvinaflugvél sem Bandaríkjamenn skjóta niður yfir Evrópu í síðari heimsstyrjöld.
- 1951 Fyrsti Lionsklúbbur á Íslandi stofnaður, Lionsklúbbur Reykjavíkur.
- 1959 Alþingi samþykkir breytingu á skipan kjördæma á Íslandi og er þeim fækkað úr 28 í 8 um leið og þingmönnum er fjölgað úr 42 í 60.
- 1982 Rainier III, fursti af Mónakó, og kona hans, Grace Kelly, koma í heimsókn til Íslands ásamt börnum sínum tveimur, Carolinu og Albert.



Árni Sigurbjörnsson

frá Grófargili, Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans Landakoti þriðjudaginn 28. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Jóhanna G. Gunnlaugsdóttir og Fjölskylda, systkini hins látna og fjölskyldur þeirra.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónína Ágústsdóttir

áður Dalbraut 18, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 11. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Ragnhildur Ásmundsdóttir Árni Arnþórsson
Óskar Mór Ásmundsson
Þráinn Ásmundsson Guðbjörg Árnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Sigríður Ingimundardóttir

Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést á heimili sínu að Hornbrekku þann 7. ágúst sl. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 15. ágúst kl. 14.00.

Gíslína Helgadóttir Ingimar Antonsson
Sigurður Helgason Ágústa Pétursdóttir
Hannes Helgason María Jónsdóttir
Ingimundur Helgason Arndís Friðriksdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær sonur minn, faðir, stjúpfaðir og afi,

Hörður Barðdal,

Brúnastöðum 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni þriðjudagsins 4. ágúst, verður jarðsúnginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 19. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast Harðar er bent á Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík.

Sesselja E. Guðnadóttir Barðdal
Jóhanna I. Barðdal
Sesselja E. Barðdal
Bergþóra Fanney Barðdal
Þórður V. Oddsson

Marta E. Guðmundsdóttir og barnabörn.



VINNUR AÐ VEFNUM Í KÍNA Brynjólfur, sem er búsettur í Kína, stefnir að því að koma vefnum á fót í fleiri löndum þegar fram líða stundir.

MYND/ÚR EINKASAFNI

BRYNJÓLFUR ÓMARSSON: OPNAR ÆTTARTALIS

Bitastæð ættartöl á vefnum

Vefurinn Ættartal.is fór í loftið fyrir skemmstu en þar er hægt að skrá upplýsingar um sig og ættingja sína og búa til eigið ættartal. Hægt er að setja inn myndir, skrá stutt æviágrip, sögur og fleira.

Viðskipta- og tölvunarfræðingurinn Brynjólfur Ómarsson fékk hugmyndina að vefnum fyrir nokkrum árum og hefur gengið með hana í maganum síðan. „Ég vissi að margir höfðu verið að gera þetta handvirkt sem er mikil vinna. Hugmyndin lá þó í dvala í nokkurn tíma en vinnan fór á fullt í vetur.“ segir Brynjólfur, sem býr í Kína ásamt eiginkonu sinni og vinnur að vefnum með þremur forriturum.

Þegar notendur hafa stofnað ættartal geta þeir gefið hverjum sem er aðgang

að því og þeir hinir sömu geta þá hjálpað til við að bæta inn upplýsingum. Þannig getur öll ættin safnað saman gömlum myndum og sögum og búið til lifandi upplýsingavef. Með þeim hætti er hægt að koma í veg fyrir að skemmtilegar minningar gleymist og að gullmolar rykfali í myndaalþívum. Notendur geta þó alfarið stýrt því hvaða gögn birtast og hverjir hafa aðgang að þeim.

Ættartréð er hægt að skoða grafískt auk þess sem notendur geta skrifað fréttir þannig að aðrir ættingjar geti fylgst með því þegar nýtt barn kemur í heiminn, þegar brúðkaup er í vændum eða þegar ættarmót er á næsta leiti. „Vefurinn ætti sérstaklega að geta gagnast þeim sem fá það hlutverk að undirbúa ættarmót eða niðjatöl en auk þess

öllum þeim sem hafa áhuga á ættinni sinni, að rekja hana og að halda utan um hana.“

Brynjólfur og samstarfsmenn hans eru enn að þróa vefinn og setja inn nýja notkunarmöguleika. „Við eigum eftir að koma upp spjallborði auk þess sem við munum bjóða fólki upp á að geta samnýtt ættir.“ Ekki er hægt að sækja upplýsingar um forfeður sína sjálfkrafa en í haust verður boðið upp á leið til að samnýta upplýsingar úr mörgum ættartölum. „Ef fólk rekur ættir sínar að sameiginlegum forföðum mun það geta samnýtt grunninn að því gefnu að báðir aðilar heimili það.“ segir Brynjólfur, sem stefnir að því að koma vefnum á fót í fleiri löndum þegar fram líða stundir.

vera@frettabladid.is

Kóningar og drottningar berjast

Hið árlega Stórmót Taflfélags Reykjavíkur og Árbæjarsafns verður haldið sunnudaginn 16. ágúst klukkan 14.

Fyrir Stórmótið verður lifandi tafl á torginu í Árbæjarsafni. „Við höfum gert þetta í nokkur ár. Þá teiknum við taflborð á torgið, klæðum fólk upp á í búninga og tveir fulltrúar frá Taflfélaginu standa uppi á svölum og hrópa skipanir.“ segir Dagný Guðmundsdóttir, safnvörður í Árbæjarsafni. Hún hefur safnað fólki saman á ýmsan máta. „Ég hef smalað saman vinum og ættingjum og í ár notaðist ég líka við Facebook.“ segir hún glaðlega. Manntaflid hefst klukkan 13 og verður án efa gaman að fylgjast með uppáklæddum drottningum, konungum og hirðmönnum þeirra taka sér stöðu á skákvellinum en Dagný lofar harðri baráttu.

Allir geta komið og fylgst með en þeir sem hafa áhuga á að skrá sig til leiks á mót Taflfélagsins geta gert það í símamiðasölu Árbæjarsafns og á mótsstað.



MANNTAFL Tveir spilarar stjórna hinum lifandi taflmönnum ofan af svölum.

BT SKÓLABYRÐIN LÉTTIST MEÐ LÉTTVÖXTUM BT

Tækjatrýgging BT | Kynntu þér málið
- meira öryggi! | í verslunum BT

acer

Acer Emachines E625

AMD ATHLON 64 PROCESSOR TF-20

15.6" 1366x768
AMD Athlon 64 Processor TF-20
1x2GB vinnsluminni
250GB 5400RPM
ATI Radeon Xpress 1200
Lyklaborð með talnaborði
Þráðlaust netkort 54Mbps
Veifmyndavél
Minniskortalesari
6 cellu rafhláða
Windows Vista BASIC
Vegur 2,72kg

79.999

BT
léttvextir
7,7%

Var að
lenda

250GB
HARDUR DISKUR
2GB VINNSLUMINNI
15,6" SKJAR

BT LÁN
3.683
24 mánaða



ÓDYRT DVD
999

SAMSUNG

SAMSUNG

Samsung ES-55

3 LITIR

BT
léttvextir
7,7%

24.999

10.2-megapixel
Face Detection
Red-eye Fix
2.5" intelligent LCD (230 K)
Movie mode (VGA 30 fps, MJPEG)
Stylish metal body
Beauty Shot
Self Portrait
Digital Image Stabilization (DIS)
ISO 1600
Photo Help Guide and Function Description

Samsung NV 9

10.2 MEGAPIXELS

BT
léttvextir
7,7%

37.999

10.2 Megapixels
5x Optical Zoom
2.7" Intelligent LCD Screen
Dual Image hristivörn
MP3 spilar
Face Detection, Smile & Blink Detection, Beauty Shot
11 scene modes
High Sensitivity ISO 3200



BT LÁN
2.396
24 mánaða

3000 kr
verðlækkun



BT LÁN
1.108
24 mánaða

acer

Acer 5536

AMD DUAL CORE X2 QL65, 2,1GHZ

AMD Dual Core x2 QL65, 2,1Ghz
3GB DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
512MB ATI HD3200 skjástýring
320GB SATA 5400rpm
DVD±RW Dual Layer Skrifari
True 5.1 Channel Surround
Gigabit Ethernet;
300Mbps þráðlaust netkort
1.3MP veifmyndavél
windows vista home premium

99.999

119.999

AMD DUAL CORE
320GB
HARDUR DISKUR
3GB VINNSLUMINNI

BT LÁN
4.542
24 mánaða

Ný
sending

BT
léttvextir
7,7%





HRAUNHÚS
MAGMATIKA DESIGN STORE®

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR!

SVONA KEMSTU TIL OKKAR Í HRAUNHÚS:



Verið velkomin í HRAUNHÚS!
Sumaropnun er alla virka daga
11-18, laugardaga 11-17
og fyrsta sunnudag í mánuði 13-17.

www.hraunhus.is * hraunhus@hraunhus.is
Völuteigur 6 * 270 Mosfellsbær



NOKKUR ORÐ
Kjartan
Guðmundsson

Eftirsjá og tilhlökkun

Engir stórtónleikar með erlendum flytjanda hafa verið haldnir hér á landi síðan Eric Clapton kom fram í Egilshöllinni fyrir rúmu ári. Stétt hlómleikahaldara skellir skuldinni skiljanlega á hina máttlausu íslensku krónu; segir að til einskis sé að gera plön sem fara svo beinustu leið út í bláinn þegar gjaldmiðillinn hroppar út og suður – þrumustuð.

Alls voru haldnir sex stórtónleikar hér á síðasta ári, með tédum Clapton, John Fogerty, Bob Dylan, Whitesnake, James Blunt og Paul Simon, og tap varð á þeim öllum. Af þessum giggum nenni ég bara að mæta á Dylan og Paul Simon, en sé dálítið eftir því að hafa ekki skellt mér á Fogerty. Ástæða þess að ég fór ekki er án efa sú að ég var hreinlega orðinn mettur. Upp úr miðjum síðasta áratug fóru nefnilega heimsins frægustu bönd

og tónlistarmenn (svona næstum því) að streyma unnvörpum til landsins til tónleikahalds, og áhorfendur gátu leyft sér að gerast vandlátir á framboðið. Hefði mér boðist að sækja tónleika með John Fogerty árið 1991 hefði ég ekki hugsað mig tvisvar um.

Á þeim tíma var lífið ósköp einfalt; Ef erlendu flytjandi hélt tónleika hér á landi var ég mættur í biðröðina til að kaupa miða, burtséð frá því hvort ég fílaði tónlistina eður ei. Hverjir einustu hlómleikar voru heimssögulegur viðburður í augum ungs tónlistarnörds, og ég undirbjó mig vandlega fyrir þá alla.

Þess vegna togast á í mér tilfinningarnar. Auðvitað er gaman að geta valið úr tónleikum. En það er líka dásamlega nostalgískt að verða spenntur yfir væntanlegum tónleikum Jethro Tull, bara vegna þess að þeir eru það eina í boði næstu mánuði og jafnvel ár. Fátt er svo með öllu illt.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Engar REYKSPRENGJUR eða HAMARSHÖGG



- einfaldlega
gott verð!
fyrir alla - alltaf



Blöndunartæki

5.990 kr.



Handlaug, Ath. 55 cm

3.900 kr.



Blöndunartæki í eldhús

5.490 kr.



Eldhúsvaskur

8.900 kr.



Blöndunartæki

7.490 kr.



WC kassi m. hnappi
kr. 17.490
Salerni kr. 11.490
Seta kr. 3.990

Salernissett innbyggt, allt settið:

32.970 kr.



Bílskúrsflísar, grá 30x30 cm

1.490 kr.



Seta kr. 4.495,-

Salerni með kassa án setu

22.900 kr.

Múrbúðin býður **vandaðar vörur**
á góðu verði fyrir alla - alltaf

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



Hitastýrð blöndunartæki
fyrir sturtu

11.590 kr.



Reykjavík
Klettháls 7.
Opið virka
daga kl. 8-18
laugard. 9-16



Suðurnes
Fuglavík 18.
Opið virka
daga kl. 8-18,
laugard. 10-14



Akureyri
Furuvellir 15.
Opið virka
daga kl. 8-18,
laugard. 10-14



MÚRBÚÐIN
- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

ÓDÝRT Í
HAGKAUP

ÓDÝRT Í
HAGKAUP



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

LAMBALÆRI
FROSID

1.168 kr/kg.



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

598 kr/kg.

Grísahakk
ferskt



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

689 kr/kg.

Ýsa, roð- og beinlaus
frosin



Holta-
kjúklíngur

569 kr/kg.

Merkt verð 949.-

Heill kjúklíngur
ferskur



Holta-
kjúklíngur

1.739 kr/kg.

Merkt verð 2.899.-

Kjúklíngalundir
ferskar

Fóti
FEL



dijon hunangs
sósa



basil & hvítlauks
sósa



rósapípar
sósa

GRILLSÓSUR
399 kr/stk.

Frábærar
grillsósur!



LÍFRÆNT SPELT
2 TEG.
599 kr/stk.



RISA
SAMLOKUBRAUÐ
199 kr/stk.

ÓDÝRT Í
HAGKAUP



OTA
HAFRAMJÖL
259 kr/pk.

ÓDÝRT Í
HAGKAUP



ORKUDRYKKUR
250 ML
108 kr/stk.



SPAGHETTI
205 kr/pk.



TÚNFISKUR
2 TEG.
149 kr/stk.



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 16. ágúst á meðan birgðir endast.

Ódýrt um helgina ein ferð betra verð!

OPIÐ
til **20**
alla daga

**NÝTT
KORTA
TÍMABIL**



PIPARSTEIK

1.949 kr/kg.

Merkt verð 2.998.-



Hitapinni
fylgir

1.749 kr/kg.

Merkt verð 2.498.-



2.499 kr/pk.

Merkt verð 3.499.-



1.599 kr/pk.

Verð áður 2.399.-



1.889 kr/kg.

Merkt verð 2.698.-

Helgarsteik
úr læri

Ungnauta T-bone steikur
frosnar, 2 stk. x 450 gr. steikur

Jensen's BBQ svínarif
tilbúin beint á grillið

Cajp's lambalærisneiðar
marineraðar



*hágaða ítölsk
ólífuolía!*



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

SÍTRÓNU
KRISTALL 2 LTR.
149 kr/stk.



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

KORNFLEKS
1 KG.
739 kr/pk.



HNETUBAR
100 G
189 kr/100g.



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

FJALLABRAUD
199 kr/stk.



GEETA'S MANGO
CHUTNEY
399 kr/stk.



ÓDÝRT Í
HAGKAUP

RENÉ KAFFI
PÚÐAR
279 kr/pk.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> LANGAR Í BARN

Leikkonan Kate Hudson hefur átt í ástarsambandi við hafnaboltakappann Alex Rodriguez í nokkra mánuði. Sambandið er víst orðið það alvarlegt að Hudson er farin að tala um barneignir. „Hún er ný-orðin þrjú og hana langar í annað barn. Hún vill að sonur sinn, Ryder, eignist systkini og er sannfærð um að þau eigi eftir að eignast fallett barn saman,“ var haft eftir heimildarmanni.



Ógiftur kærasti handa Siennu

Svo virðist sem leikkonan Sienna Miller sé komin með nýjan mann upp á arminn. Samkvæmt breska blaðinu The Mirror er Sienna hætt með leikaranum Balthazar Getty og farin að hitta breskan plötusnúð, George Barker. Þarið á að hafa hist fyrr á árinu og eru þau að sögn vina mjög hamingjusöm saman. „Þetta er enn mjög nýtt og nokkuð afslappað, en Sienna og George virðast mjög ánægð saman. George er mjög heilsteypur og góður strákur og þau eiga marga sameiginlega vini. Hann er

ekki frægur og hann hefur engan áhuga á að verða frægur og hann er á lausu, sem er plús. Hann er mjög mikill áhugamaður um tónlist og hefur verið að kynna Siennu fyrir nýjum tónlistarstefnum. Þau hittust fyrr á árinu og eru nú að tala um að fara í frí til Ibiza saman,“ var haft eftir vini parsins.

Fyrrverandi kærasti Siennu, leikarinn Balthazar Getty, var enn kvæntur þegar þeirra samband hófst og hlaut Sienna mjög slæmt umtal í kjölfarið sem hafði mikinn áhrif á starfsferil hennar.



SIENNA MILLER

Breytingar hjá Cultura

Skemmti- og veitingastaðurinn Café Cultura á Hverfisgötu heldur upp á sex ára afmæli sitt um helgina og er fólk hvatt til að mæta, skemmta sér og sjá breytingarnar sem hafa verið gerðar á staðnum. Í kjallaranum er verið að opna nýtt rými sem er tilvalið til tónleikahalds auk tyrknesks eldhúss á staðnum þar sem hægt verður gæða sér á tyrkneskum mat og drekka tyrkneskt kaffi. Um helgina munu þeir DJ Kári, Joseph Rogers, bræðurnir Erpur og Eyjó, Dynamo Fog, Útidur og Chuck and Norris halda uppi stemningu á Café Cultura.

fólk

folk@frettabladid.is



CAMERON DOUGLAS Sonur leikarans Michaels Douglas, Cameron, er í slæmum málum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karlur aumingjar í sultugerð

Hin einstæða sultugerðarkeppni verður haldin tíunda sinni í Mosfellsdalnum – en heimamenn hafa nánast einokað keppnina til þessa.

„Við konurnar í Mosfellsbænum höfum einokað þessa keppni. Reyndar var sigurvegurinn í eitt skipti frá Garðabæ en annars er þetta alger einstefna,“ segir Dísá Anderiman sultugerðarkona með meiru.

Dísá hefur verið prímus mótur í starfsemi hins sérstæða og rómaða markaðar í Mosfellsdal og á laugardaginn rennur upp stór stund. Þá verður sjálf sultugerðarkeppnin haldin tíunda sinni. Dísá sparar hvergi stóru orðin og eggjar sultugerðarmenn til dáða. Segir til dæmis karlmenn algjöra aumingja í sultugerð því aldrei hafi þeir komið til álita sem sigurvegarar. „Aldrei karlmaður unnið og hafðu það. Í fyrra tók vinur minn reyndar þátt og lagði fram chutney sem hann var afskaplega stoltur af – en þá var verið að keppa í sultugerð og hann fór nánast að gráta. Því hef ég ákveðið að hafa riðla í þetta skipti,“ segir Dísá. Nú verður því keppt í sultu-, chutney- og marmelaðigerð. Sérfræðingar munu þekkja muninn en hinn heillandi heimur sultugerðarinnar getur reynst þeim sem ekki til þekkja framandi



SULTUGERÐARKONUR HLÆJA AÐ KARLPENINGNUM Dísá, sultudrottning Íslands, eggjar sultugerðarmenn til dáða en með henni (t.h.) er nágrannakona hennar Svandís Matthíasdóttir – mikilvirk sultugerðarkona sem ætlar sér ekkert minna en sigur í keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

eins og blaðamaður komst að þegar Dísá tók að útskýra leyndardóma sultugerðarinnar. Hún segir þetta reyndar ekki mikið mál: „Það þarf ekki að taka nema tuttugu mínútur að gera sultu. En þú þarft undirbúning. Stela rabarbara einhvers staðar eða fara út í Bónus og kaupa appelsínur.“ Verðlaunin í sultugerðarkeppninni hafa í gegnum tíðina verið af ýmsum toga og frumleg: Geit, landnámsþæna... og nú verður einmitt landnámsþæna í verðlaunum sem og mánuður á hænuhótelum sem Dísá hyggst koma á fót, verðlaunareitur í öðrum riðli og í þeim þriðja fjársjóðskort yfir gjöf- ul berjasvæði.

Væntanlegir þátttakendur skrá sig ekki heldur mæta til leiks klukkan eitt á útimarkaðinn og leggja til sína sultukrukku merka dulnefni. Með skal fylgja umslag merkt dulnefninu en þar í skal vera rétt nafn sultugerðarmannsins og uppskriftin. Dómarar hafa verið nafntogaðir matgæðingar: Síggi Hall, Diddú, Rúnar Marvins – Dísá þylur nöfnin og endar með að tilkynna að nú séu dómara þau Dóra á Næstu grösum og Sæmi rokk. „Þau þekkja allt sem heitir grös, grænmeti og ávextir á Íslandi,“ segir Dísá – ókrýnd sultudrottning Íslands.

jakob@frettabladid.is

Sjúk í hamburgara

Nicole Richie, sem á von á sínu öðru barni í næsta mánuði með tónlistarmanninum Joel Madden, segist vera sjúk í hamburgara. Samkvæmt Twitter-síðu Richie borðar hún gjarnan seint á kvöldin og lendir það þá yfirleitt á Joel að ná í matinn.

„Ég er sá sem þarf að fara og annað hvort búa til samloku fyrir hana eða kaupa hamburgara, en það er oft klukkan tvö eða þrjú á nóttunni. Þetta eru ekkert óvenjulegir hlutir sem hún er að sækjast í, það er bara á svo óhentugum tíma sólarhringsins,“ segir Joel Madden, en saman eiga þau Richie dótturina Harlow sem er eins og hálfis árs.



BORGARAR OG SAMLOKUR Oft lendir það á Joel Madden að búa til eða sækja mat fyrir Nicole Richie um miðja nótt.

Fjölskyldan er eyðilögð

Bandaríski leikarinn Michael Douglas segir að fjölskylda sín sé eyðilögð yfir handtöku sonar hans Cameron. Hann var tekinn fastur í New York í síðasta mánuði grunaður um eiturfylfjasölu. „Fjölskyldan er eyðilögð og afar vonsvikin vegna hegðunar Camerons,“ sögðu Douglas og fyrrverandi eiginkona hans Diandra í yfirlýsingu. „Allar fjölskyldur sem hafa glímt við eiturfylfjanotkun vita hversu slæm áhrif hún hefur.“ Cameron gæti átt yfir höfði sér tíu ára fangelsi verði hann fundinn sekur. Hann hefur tvívegis áður verið handtekinn í tengslum við eiturfylf.



Slim - 3ja sæta kr. 169.800 | Tilboðsverð kr. 135.840



3050 - Leðursófi kr. 284.000 | Tilboðsverð 169.000



2401 - Leðursófi kr. 324.800 | Tilboðsverð kr. 194.880

Opíð

Föstudag 12 - 18

Laugardag 12 - 16

Sunnudag 13 - 16

Ný sófasending

Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar.

Lítill yfirbygging = betra verð

Edge - Hornsófi 280x200 kr. 298.700 | Tilboðsverð kr. 238.900
Litir: Sand og NightAkralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

LINAN

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 14. ágúst 2009

→ Tónleikar

12.00 Kristín R. Sigurðardóttir sópran og Julian M. Hewlett píanóleikari halda tónleika í **Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti** á Akureyri. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Sígfrús Einarsson, Pál Ísólsson og Puccini.

20.00 Tónleikar á tónlistarhátíð unga fólksins í Salnum við **Hamraborg í Kópavogi**. Benedict Klöckner og Mathias Susaas Halvorsen flytja sellósónötur eftir Debussy og Rachmaninov. Eftir hlé verður flutt píanótrío eftir Brahms og þá koma einnig fram Elfa Rún Kristinsdóttir og Joachim Carr píanóleikari.

20.00 Björg Nielsdóttir sópran heldur tónleika í Fríkirkjunni við **Linnetsstíg** í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða lög eftir Britten, Barber, Jórinni Viðar og Schubert. **Aðgangur er ókeypis.**

22.00 Megas og Senupjófarnir verða á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

22.00 Útvarpsteymið **Harmageddon** býður til veislu á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu þar sem fram koma: Geir Ólafs, Our Lives & Toggi, Sverrir Stormsker, Haffi Haff, Cosmic Call og Sing for me Sandra.

22.00 Seabear, Pascal Pinon og Moses Hightower verða með tónleika á **Grand Rokk** við Smiðjustíg.

22.00 Trío Andrésar Þórs flytur djassstandarða og frumsamið efni á tónleikum á **Café Síróp** við Norðurbraut á Hvammstanga.

23.00 Bjarni Sveinbjörnsson bassaleikari heldur tónleika á Rosenberg við Klapparstíg þar sem hann kynnir efni af væntanlegri sólóplötu sinni.

→ Leiklist

Leiklistarhátíðin Act Alone á Ísafirði 14.-16. ágúst. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.actalone.net**.

20.00 Bernd Ogródnik brúðuleikari sýnir valda þætti úr sýningu sinni „**Umbreytingu**“ í Edinborgarhúsinu við Aðalstræti á Ísafirði.

22.00 Róbert Snorrason sýnir einleikinn „**Here I Stand**“ á Hótel Ísafirði við Silfurtorg.

→ Opnanir

17.00 Kristín Jónsdóttir opnar sýninguna „**Spjöld**“ í Listasafni Mosfellsbæjar, Kjarna við Þverholt. Opið mán.-fös. kl. 12-19 og lau. kl. 12-15.

18.00 Í **Alliance française** við Tryggvagötu 8 verður opnuð sýning sem samanstendur af myndum, sýningar-spjöldum og frásögnum af samskiptum Íslendinga og franskra sjómanna. Opið virka daga og laugardaga kl. 14-18.

20.00 Kolbrún Ýr Einarisdóttir og María Dalberg opna sýningar á verkum sínum í **Gallerí Crymogæa** að Laugavegi 41. Opið virka daga kl. 11-18 og um helgar 12-18.

→ Fjölskylduhátíð

Héraðshátíðin Ormsteiti verður haldin víðs vegar um Fljótisdalshérað 14.-23. ágúst. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.fljotsdalsherad.is**.

Fjölskylduhátíðin **Kántrýdagar** verður haldin á Skagaströnd 14-16. ágúst. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.skagastrond.is**.

→ Sýningar

Helga Björg Jónasardóttir hefur opnað sýningu á skörinni hjá Handverki og hönnun við Aðalstræti 10. Opið alla virka daga kl. 9-18, fimmtudaga til kl. 22 og um helgar 12-17.

Í Gerðarsafni við Hamraborg 4 í Kópavogi stendur yfir sýning á verkum Gerðar Helgadóttur og Valtýs Péturssonar. Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17. Aðgangur er ókeypis.

→ Dansleikir

Hljómsveitin í **svörtum fötum** verður á skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

Upplýsingar um viðburði sendist á **hvar@frettabladid.is**.

Er Lady Gaga gaur?

Orðrómur hefur verið á kreiki um að söngkonan skrautlega Lady Gaga sé tvíkynja. Orðrómurinn fór af stað í kjölfar myndbrots frá tónleikum söngkonunnar á Glastonbury-hátíðinni en þar telja sumir sig sjá glitta í kynfæri karlmanns. Myndbandið er þó nokkuð óskýrt og því erfitt að ætla að nýta það sem sönnunargagn.

Söngkonan hefur aldrei farið leynt með þá staðreynd að hún sé tvíkynhneigð og hefur það kynt enn frekar undir sögusagnirnar um að Gaga sé með lim. Talsmaður söngkonunnar sendi frá sér tilkynningu þar sem hann sagði orðróminn vera út í hött. Sjálf hefur söngkonan ekki rætt málið opinberlega.



SKRAUTLEG Söngkonan er þekkt fyrir skrautlegan klæðnað og er gjörn á að fara út á nærbuxum einum fata.


Líkir sér við Ghandi

Fyrirverandi eiginkona Bítilsins Pauls McCartney, Heather Mills, sagði í viðtali við breskt tímarit að hún væri orðin þreytt á illum tungum. Hún lét hafa eftir sér að hún væri tilbúin til að berjast fyrir sannleikanum og þyldi ekki lengur að fólk virtist trúá öllum lyga-sögnum um hana. Í sama viðtali líkir hún sér við menn á borð við Ghandi,



Malcom X og Martin Luther King. „Þetta voru allt mjög umdeildir menn vegna þess að þeir reyndu að koma sannleikanum á framfæri og þeir voru óhræddir við að berjast fyrir sannleikanum og ég get talið mig meðal þeirra,“ segir Mills.

EINS OG GHANDI? Heather Mills, fyrirverandi eiginkona Pauls McCartney, er mjög illa liðin í föðurlandi sínu.



hjálmar

BÍÓ & TÓNLEIKAR

HÆRRA ÉG OG ÞÚ

FRUMSÝNING Á HEIMILDAMYND UM FÖR HLJÓMSVEITARINNAR TIL JAMAÍKA

AUSTURBÆ 21. ÁGÚST, KL. 21.00

Miðar seldir á **miði.is**

Tónleikar eftir sýninguna

Thyssen-Bornemisza Art Contemporary

prime



Ljósmyndari stangaður af geit

„Ég var stangaður af geit,“ segir Hörður Sveinsson ljósmyndari. Tilefnið var forsíðumyndataka Grapevine. „Það var ekkert hræðilegt, bara létt í síðuna. Hún var eitthvað hrædd við myndavélina mína og stangaði mig smá.“ Hann segir það í fyrsta skipti sem slíkt hendi sig í starfi, „en vonandi ekki það síðasta.“ Nú, var þetta spennandi lífreyfsla? „Já, þetta var ansi skemmtilegt.“

Geitina má sjá á forsíðu Grapevine, en blaðið kemur út í dag. „Við vorum að taka myndir af hljómsveitinni múm í Húsdýragarðinum. Okkur gekk eitthvað illa að fá geiturnar að vera með í myndatökunni þannig að við fengum geitanammi og þá urðu þær rosalega æstar. Það var ein

þarna í miðri myndatökunni sem var föst uppi á einhverjum steini. Hún var orðin frekar fúl þegar við vorum búin að halda henni og vorum ekkert að hjálpa henni niður. Þannig að hún stangaði mig.“ Hörður gerir þó létt grín að atvikinu og segist ekki vera aumur.

Hörður vinnur sem „frílans“ ljósmyndari hjá Grapevine, Monitor og fleirum. Hann er í námi í Media Skolen í Viborg í Danmörku. „Önnin er ekki nema tíu vikur og svo á maður að vera að vinna á milli.“ Hann á eina önn eftir sem hann ætlar að klára í vetur.

HARÐUR AF SÉR Hörður tekur því létt að vera stangaður í síðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



NÝTT Í BÍÓ!

GI JOE THE RISE OF COBRA
FRÁ LEIKSTJÓRA "THE MUMMY" KEMUR EIN FLÖTTASTA STÓRMYND SUMARSINS

STELPURNAR OKKAR
KEMUR EINNIG

KARLAR SEM HATA KONUR
FRÁ LEIKSTJÓRA "THE MUMMY" KEMUR EIN FLÖTTASTA STÓRMYND SUMARSINS

FUNNY GAMES
"Engan veginn fyrir viðkvæma."
"Söluvarningur."
ATH: Ekki fyrir viðkvæma

crossing over

SMÁRRÁ BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
GI JOE kl. 5:30 - 8 - 10:30	STELPURNAR OKKAR kl. 6 - 8 - 10
GI JOE LÚXUS kl. 8 - 10:30	GI JOE kl. 6:30 - 9
CROSSING OVER kl. 8 - 10:30	FUNNY GAMES kl. 8 - 10:20
KARLAR SEM HATA KONUR kl. 5 - 8 - 10:10	KARLAR SEM HATA KONUR kl. 6 - 9
KARLAR SEM HATA KONUR LÚXUS kl. 5	ÍSÖLD 3 ISLENSKT TAL kl. 5:50
ÍSÖLD 3 3D ISLENSKT TAL kl. 3:30 D	
ÍSÖLD 3 ISLENSKT TAL kl. 3:30 - 5:45	
ICEAGE 3 ENSKT TAL - ISL. TEXTI kl. 3:30 - 5:45 - 8	

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

GI JOE THE RISE OF COBRA
POWER SÝNING TIL 10.20

PUBLIC ENEMIES

SÝNINGARTÍMAR

GI JOE: THE RISE OF COBRA	kl. 2, 4, 5, 8 og 10.20(P)	12
PUBLIC ENEMIES	kl. 7 og 10	16
FIGHTING	kl. 10.10	14
MY SISTER'S KEEPER	kl. 2 og 8	12
ÍSÖLD 3 - Isleenskt tal	kl. 2, 4.10 og 6	L

GI JOE THE RISE OF COBRA
FRÁ LEIKSTJÓRA "THE MUMMY" KEMUR EIN FLÖTTASTA STÓRMYND SUMARSINS

PUBLIC ENEMIES
FRÁ LEIKSTJÓRA "HEAT" OG "COLLATERAL" MICHAEL MANN KEMUR EIN ALLRA BESTA MYND ÁRSINS

G-FORCE
FRÁ LEIKSTJÓRA "THE MUMMY" KEMUR EIN FLÖTTASTA STÓRMYND SUMARSINS

BÓNORÐIÐ
FRÁ LEIKSTJÓRA "THE PROPOSAL"

ALFABAKKA	KRINGLUNNI
GI JOE kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	PUBLIC ENEMIES kl. 8:20 - 11
PUBLIC ENEMIES kl. 5 - 8 - 10:50	G-FORCE - 3D kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D)
PUBLIC ENEMIES kl. 2 - 8 - 10:50	G-FORCE - 3D M/Ensk. Tali kl. 6
G-FORCE - 3D M/Is. Tali kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D)	THE PROPOSAL kl. 1:30D - 3:40D - 8:20D - 10:40D
G-FORCE - 3D M/Is. Tali kl. 1 - 3	HARRY POTTER kl. 2 - 5 - 8
THE PROPOSAL kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30	BRUNO kl. 11
HARRY POTTER kl. 2 - 5 - 8 - 10:10	
HARRY POTTER kl. 5	
BRUNO kl. 11	
THE HANGOVER kl. 8	

Hreindýrið Garðar prýðir vegg nýs bakarís Jóa Fel

Jói Fel er með haus af hreindýri uppi á vegg í nýju bakarí sínu. Hreindýrið veiddi Jói sjálfur í fyrra.

Bakarinn og sjónvarpskokkurinn Jói Fel opnaði nýtt og glæsilegt bakarí í Garðabæ í gær. Bakaríið stendur við Litlatún og að sögn matreiðslumannsins var ekkert til sparað við innréttingar staðarins. „Það eru ekki nema þrjár klukkutímar síðan við opnuðum en mér skilst að það hafi verið mikið að gera hjá stúlkunum síðan. Sjálfur stend ég á haus í framleiðslunni og hef ekkert komist frá ennþá. Þetta er með svipuðu sniði og hin bakaríin, við erum með heitt pasta í hádeginu, risastóran tertukæli, flotta ítalska kaffivél og svo auðvitað brauðin okkar,“ segir Jói.

Mestur hluti innréttinganna var hannaður og smíaður hér á landi og segir Jói að útkoman sé hreint glæsileg. „Kælnir, borðin og sófarnir eru allt íslensk hönnun sem við létum sérsmíða fyrir okkur hér á landi. Málningin er meira að segja íslensk nýjung og kallast kalkmálning. Málararnir þurftu að handmála allt rýmið með litlum penslum og voru ekki of kátir yfir því, en útkoman er mjög flott.“

Annað sem mætir gestum bakarísins er stór og völdugur hreindýrshaus sem hangir á veggnum. Dýrið er kallað Garðar og veiddi Jói það sjálfur í fyrra. „Þetta er karldýr með risastór horn. Ég ætlaði fyrst að hengja hann upp í Holtagörðum en hann passaði ekki inn vegna hornanna, hér er aftur á móti svo hátt til lofts og því endaði hann á veggnum hérna. Hann fékk nafnið Garðar vegna þess að hann prýðir bakaríið hér í Garðabæ og



HEFUR Í NÓGU AÐ SNÚAST Matreiðslumeistarinn Jói Fel hefur nóg fyrir stafni í kreppunni, hér er hann ásamt konu sinni Unni Gunnarsdóttur og sést glitta í Garðar í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mér skilst á starfstúlkunum að hann hafi vakið þó nokkra athygli meðal viðskiptavina okkar.“

Jói hefur annars í nægu að snúast þessa dagana því auk þess sem hann opnaði nýtt bakarí var hann

að leggja lokahönd á nýja matreiðslubók fyrir Hagkaup og er að hefja upptökur á nýjum matreiðsluþáttum. „Það hefur sjaldan verið jafn mikið að gera hjá mér og einmitt núna í kreppunni.“ - sm

Skemmtilega kjánalegur hasar

Leynilegt herteymi er kallað til starfa til að bjarga heiminum frá glæpagengi sem býr yfir stórhættulegu vopni sem getur eytt öllu sem verður á vegi þess. Líkt og Transformers-myndirnar er G.I. Joe: The Rise of Cobra byggð á samnefndum dótaköllum frá fyrirtækinu Hasbro. Leikstjóri The Mummy og Van Helsing, Stephen Sommers, er leikstjóri myndarinnar og mælt með því að fólk hafi væntingar í samræmi við fyrri verk leikstjórans.

Í raun er G.I. Joe: The Rise of Cobra bara hávær og grunnhygginn hasarmynd, og sést það best á framleiðslunni; atburðarásin er fyrirsjáanleg, lummuleg samtöl, leikur í samræmi við samtöl, hasarinn yfirkeyrður og hvert einasta tækifæri nýtt til að gera bardagaatriðin svöl. Þrátt fyrir það kemur á óvart hversu kjánalega skemmtileg myndin er. Flest öll hasaratriðin eru vel gerð og hæfilega mörg, en hjálpar manni að leiða hann frá því hversu heimskulegur söguþráðurinn er.

G.I. Joe: The Rise of Cobra er enn ein sumarmyndin sem er búin óviljandi hlægilegum samtölum og heiladauðum hasar og eins og með margar aðrar sumarmyndir er hægt að skemmta sér yfir þeim. Gott væri að áhorfendur gerðu sér grein fyrir því að hér er á ferðinni mynd sem er ekki ætlað að rista djúpt.



KVIKMYNDIR
G.I. Joe: The Rise of Cobra
Leikstjóri: Stephen Sommers.

★★★
Yfirkeyrður hasar, heimskulegur söguþráður og hlægileg samtöl. Skemmtileg ef farið er með réttu hugarfari inn í salinn.

Vignir Jón Vignisson

Kleopatra Kristbjörg

Sagt frá Kleopötru



Kleopatra Kristbjörg fer ótroðnar slóðir í lífi, starfi og öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún er mjög fjölhæf listakona, komið hafa út eftir hana fjórar bækur, tvær um fyrri líf, ein barnabók og svo hin fræga Hermikrákuheimur sem er ádeilubók og sjálfshjálparbók, full af visku og líffspeki. Þannig að hún virðist geta skrifað um allt því í bókinni eru líka dásamleg ljóð sem hafa sterkt áhrif á fólk því þau eru hennar eigin lífsreynsla, full af sorg og sársauka. Þau eru mjög átakanleg. Fólk hefur hvatt hana mjög til þess að skrifa sína eigin lífsreynslusögu þó ekki væri nema brot af hennar ævi. Hennar ævi er mjög merkileg, það sem hún hefur reynt, fólk sem hún hefur kynnst og það sem Kleopatra hefur upplifað og kynnst í lífinu. Hennar ástarsögur eru frægar því menn verða svo ástfangnir af henni að annað eins hefur ekki þekkt. En Kleopatra er mjög vandlát á karlmenn og fá hana því færr en vilja.



Það er erfitt að vera Kleopatra, hún hefur mjög sterka réttlætiskenn, heilbrigða líssýn og er allt öðruvísi en allir aðrir. Þeir sem kynnst Kleopötru segja að hún sé svo myndin og skemmtileg að það verður enginn eftir Kleopötru, allir verða svo leiðinlegir samanborið við hana. Meðal annars talar hún sitt eigið tungumál sem hún sjálf bjó til. Gunnar Dal segir að hún sé stærsta ljósið og það segja fleiri! Flugur laðast að ljósaperunni, þannig laðast fólk að Kleopötru eins og flugur að ljósinu og sýnir það glöggt hvað hún er mikið ljós. Allt það fegursta og besta, hreinasta og heilbrigðasta, gáfaðasta og skemmtilegasta er hún! Hún er allt þetta og miklu meira, segir fólk! Hún er mjög ákveðin, beinskeytt og hreinskilin og fólk segir að hún sé með hnifa í munnum. En þessir hnífar eru það eina sem hjálpar fólki, fólk hrekkur í kút og vaknar og svo breytist líf þess til batnaðar. En Kleopatra geislar líka af hlýju og kærleika og henni er ekki sama um aðra, ólíkt flestum þeim sem ég þekki. Kleopatra er elegant og eðalkona. Fyrir stuttu var hún beðin um að leika í íslensku kvikmynd vegna þess hversu glæsileg og tignarleg hún er, hún átti að leika greifynju. Kleopatra hefur ekki verið í kvikmyndaheiminum né komið nálægt neinu slíku en samt hefur hún fengið svona tilboð um allt mögulegt. Fólk sér hana og stundum bara mynd af henni og það er nóg til þess að það rigni yfir hana tilboðunum. Blöðin hafa verið að eltast við Kleopötru því fólk er mjög forvitið um hana og hennar líf, sérstaklega ástarlíf. En hún hefur aldrei fengist til að gefa neitt upp og vill ekki tala við nein blöð nema Fréttablaðið. Hún gefur þó lítið upp. Hún er þessi dularfulla kona, dulúðug og fjarræn. Hún vekur alls staðar alveg gífurlega mikla athygli og aðdáun, fólk fellur að fótum hennar og allir vilja þekkja hana. Karlmenn missa ráð og rænu, svitna og horfa á hana fullir löngunar en þora ekki að tala við hana, aðeins þeir sem hafa eitthvað til brunns að bera þora því. Þeir sem hafa sjálfsviðinguna í lagi og eru ekki gungur! Samt þurfa jafnvel þeir að drekka í sig kjark áður en þeir voga sér að Kleopötru! En Kleopatra fer ekki í manngreiningarálit, er eins við alla og góð við alla, vill öllum vel og öllum hjálpa. Mín kynni af Kleopötru eru stórkostleg, hún er svo ótrúlega vakandi og lifandi, ótrúlega, vel gefin, hress, skemmtileg, hlý og góð. Hún er góður og skilningsríkur hlustandi, svo ótrúlega skilningsrík og þolinmód. Að vera í návist hennar er engu lagi líkt, það er eins og hún hafi lækningarmátt, það er þannig orka í kringum hana. Það er svo mikil ró yfir henni, fegurð og blíða. Hún læknaði öll mín mein!

Allir vilja tala við Kleopötru, dansa við hana, þó ekki væri nema aðeins að snerta hana. Fólk buktar sig og beygir í djúpri lotningu og virðingu fyrir henni, ekki bara karlmenn heldur konur líka. Fólk tilbiður hana og spyr vini hennar: hver er þessi kona og hvaðan kemur hún eiginlega!? Það sést langar leiðir hversu heilbrigð, hrein og tær hún er. Hún er svo ómenguð enda ekki verið í neyslurugli né hórífí. Hún er svo allt öðruvísi en allir aðrir og fólk segir að hún sé ekki til! Fólk talar um hennar faðmlega sem gerir kraftaverk. Ein kona sagði við mig: Það er svo skrítíð að þegar Kleopatra faðmar mann þá gerast einhver undur og stórmerkí! Það gerist eitthvað eins og kraftaverk. Það var sem ljós streymdi um líkama minn strax og hún faðmaði mig í fyrsta skipti og þegar ég fór að segja öðru frá því var þekkt hana þá kónnuðust allir við þetta kraftaverka faðmlega hennar. Málið er að þetta faðmlega gefur manni ljós. Hún hefur svo góð áhrif á fólk að það hefur læknað fólk andlega og meira að segja líkamlega eins og Kleopatra hafi lækningarmátt. Það tala allir um hvað hún hefur dásamlega góða nærveru og svo miklu meira en það því áhrifin sem hún hefur

á fólk eru ótrúleg. Í fasi er hún tignarleg, drottningarleg en samt með fallegustu útgeislun sem ég hef séð, það bókstaflega geislar af henni ljósið. Ég var einu sinni að dansa við Kleopötru á dansstað og þá sá ég þessa gífurlegu athygli sem hún vekur alls staðar. Þar sem við stöðum á dansgólfinu og biðum eftir næsta lagi, kom maður nokkur til hennar sem hún þekkti ekkert og sagði við hana. Ég er búinn að vera að horfa á þig og dáðst að þér í alla nótt. Stuttu síðar kom hann aftur og þá með eiginkonu sína með sér og sagði við Kleopötru: Ég varð að leyfa konunni minni að tala við þig því að hún heldur að þú sért ekki raunveruleg. Þessi kona dásamaði Kleopötru og ég hef aldrei á ævinni heyrt önnur eins lýsingarorð. Þetta er í eina skiptið sem ég hef verið með Kleopötru á opinberum stað og ég hef aldrei séð eða heyrt annað eins og er ég þá að tala um athyglina og lofsönginn sem hún fékk frá alla vega fólki. Fólk dásamaði hana og bókina Hermikrákuheimur sem allir elska sem lesið hafa. Alltaf var verið að toga í Kleopötru, kyssa hana og faðma fyrir bókina og allt það sem komið hefur frá henni í Fréttablaðinu. Allir sögðu: Gerðu það, gerðu það, komdu með meira svona í Fréttablaðið!!!

Það er svo magnað, það er svo stórkostlegt! Það segir enginn svona og það talar enginn svona! Það þorir enginn að tala svona! Rosalega ertu flott og rosalega ertu kjörkuð! Svona og margt fleira hrós heyrði ég og allir bæði menn og konur töluðu um fegurð hennar sem engin orð eru til yfir. Ég hafði aldrei lent í öðru eins en vinir hennar sögðu mér seinna að þetta væri nú ekkert miðað við það sem stundum gengi nú á og þetta væri sko ekkert óvenjulegt, þetta væri alltaf svona og allt mögulegt í þessum dúr. Kleopatra tekur ekkert eftir þessu því hún þekkir ekkert annað, þetta hefur alltaf verið svona! Hún er alltaf hrókur alls fagnaðar og sú sem allra augu beinast að. Hún kemur, sér og sigrar, alltaf og alls staðar! Athyglin sem hún vekur og áhrifin sem hún hefur eru svo ótrúleg að mig skortir orð til að lýsa því! Svo segir fólk að hún máti alltaf alla í tali. Kærasti hennar fyrrverandi sem er nú mjög vel gefinn maður, mikils metinn og virtur, sagði við mig: Kleopatra mátar mig alltaf og hún mátar alla. Það segja það allir. Samt er það óvart en ekki það að Kleopatra ætli sér það neitt. Hún er ótrúleg þessi kona! Það rignir yfir hana tilboðunum, henni hefur boðist að leika í kvikmyndum, syngja með hljómsveitum, vera fyrrsæta, sýningarstúlka, sýna fót og auglýsa sokkabuxur og rúm því hún er með ofboðslega fagra fótleggi sem henni hefur verið bent á að hún skuli tryggja hjá tryggingarfélagi. Model og tiskusýningar, leika í kvikmyndum og skrifa leikrit fyrir svið og sjónvarp, sérstaklega ástarsögur og eða um samskipti karla og kvenna, koma fram í sjónvarpsþáttum. En öllum neitar Kleopatra. Rithöfundar hafa alltaf þurft að hafa mikið fyrir því að troða sér fram til að fá að lesa upp úr bókum sínum í bókabúðum fyrir jólin, en viti menn það var hringt í bókaforlagið Skjaldborg í nóvember 2006 og beðið var um að Kleopatra myndi lesa úr nýútkominni bók sinni Hermikrákuheimur í Mál og Menning kaffihúsinu og sagði konan sem það um Kleopötru að hún hefði valið Kleopötru sérstaklega því henni fannst bókinni svo stórkostleg og athyglisverð. Kleopatra neitaði þessu eins og öllu öðru. Þrátt fyrir alla athyglina sem Kleopatra fær er hún svo hógvær og látlaus. Hún veit ekkert af sér og það gerir hana þennþá meira sjarmerandi. Hún er mjög sterkur, karakter, gáfuð og meira en það, hún er djúpvitur, heillandi og töfrandi persónuleiki sem allir laðast að, ungir sem aldnir, háir sem lágir, menn og konur. Hún á háttsetta og fræga vini og allir þeir dásama hana sem og allir hennar vinir. Ástarmálin eru á huldu og erfitt að komast að því hver hinn eini sanni er, því Kleopatra flíkar því ekki. En þeir fáu útvöldu sem verða ástmenn hennar hafa flestir verið mikils metnir og háttvirtir menn.

Kleopatra er þessi dulúðuga kona, framandleg og töfrandi, framandleg fegurð. Ég sem styrktaraðili reyni hér með að kynna höfundinn að því litla leyti sem mér er unnt því mér er ljóst að til að selja bókina þarf að kynna höfundinn. En Kleopötru er erfitt að lýsa og kynna svo stórkostleg og stórbrotin persóna sem hún er. Hvert sem hún fer og hvar sem hún er vekur hún svo mikla athygli að annað eins hefur ekki þekkt! Vinsæl er hún alls staðar og alls staðar fær hún hrós, bæði menn og konur hrósa henni og eru full aðdáunar. Samt er þessi kona 52 ára gömul en það trúir því enginn! Nett og fingerð, líkami hennar er eins og á ungru stúlku. Hún er svo ofboðslega áberandi, mikill og sterkur karakter að hvar sem hún kemur slær þögn á hópinn og allir stara á hana. Það geislar af henni og áhrifin sem hún hefur strax á fólk eru eins og kraftaverk og enginn skilur hvað þetta er eiginlega og hver hún er eiginlega. Það rignir yfir hana glæsilegum tilboðum frá háttvirtum mönnum sem vilja kynnst henni og oftast með náin kynni í huga en yfirleitt afþakkar Kleopatra öll glæsiboðin. Karlmenn hafa boðið henni gull og græna skóga og allir sem þekktu hana vita að hún getur fengið allt sem hún vill og hún getur allt! Bestu vinir hennar segja að í eðli sínu er hún bara lítil öskubuska, góðhjörðuð og lítillát þó hún líti út eins og drottning og allir trita hana sem slíka. Þeir segja líka að hún virðist geta allt og allt sem hún gerir, gerir hún fullkomlega vel. Hún hefur fullkomna söngrodd og þegar hún syngur er eins og það sé heil hljómsveit því söngurinn fyllir loftið þannig að það vantar engin hljóðfæri, þau eru öll í söngnum. Vinir hennar segja einnig að það skilur enginn hvernig hún er nema kynnst henni vel því hún er of ótrúleg. Þess vegna trúir enginn að þessar lýsingar séu sannar á þessari konu en samt er það staðreynd að þetta er allt satt og það geta margir staðfest. Auðvitað veit ég vel að nú kemur Gróa á Leiti full af öfund og heift og reynir að rífa Kleopötru niður. En Kleopatra er svo sterk og hún er ekki með umhverfisveikina, þannig að henni er alveg sama hvað sagt er um sig. Hún veit líka um alla geðsjúklingana en jafnvel þeir hafa verið henni góðir. Það er eins og allir finni hjá sér þörf til að vera góðir við hana því hún virkar svo vel á fólk og er öllum góð þó hún berji fólk með munnum en það er bara sannleikur og sannleikur er kærleikur. Öfundsjúkar raddir fara þó alltaf á kreik gagnvart manneskju eins og Kleopötru því að því miður er til fullt af svo veiku fólki sem á gífurlega bág, illa innréttuðu fólk sem er fárveikt á geðsmunum. Við fáum öll allt í bakið, bæði gott og illt, segir Kleopatra í bókinni Hermikrákuheimur. Kleopatra er ímynd kvenlegrar fegurðar og yndisþokka, geislar af kynþokka! Ofsalega sexi segja strákarnir! Kleopatra er ekki og hefur aldrei verið í Hermikrákuheiminum, gerir aldrei eins og allir hinir heldur miklu frekar þveröfugt við alla! Hún er mjög andleg og er gædd dulrænum hæfileikum þó hún sjálf hafi aldrei viljað opinbera það. En vinir hennar þekktu það vel því hún hefur svo oft hjálpað þeim og notað til þess sína hæfileika. Margir segja að hún sé með alheimsvitund og einn spekingur sagði mér að hún væri í beinu vitundarsambandi við Guð. Ég hef reyndar heyrt um fleiri sem eru í beinu vitundarsambandi við Guð m.a. veit ég um tvo Íslendinga. Ég trúir þessu að fenginni reynslu. Það sem ég hef skrifað hér að ofan er ég ekki að búa til enda til hvers ætti ég að vera að því!? Ég hvet alla til að lesa þessa bók því hún hjálpar fólki. Hún hjálpaði mér og mínum. Það er staðreynd að þessi bók hefur bjargað mannlífum!

> Heimir framlengdi við FH

Heimir Guðjónsson hefur skrifað undir nýjan samning við knattspyrnudeild FH og verður þjálfari meistaraflokks félagsins til loka tímabilsins 2011. Heimir stýrir nú FH annað tímabilið í röð, en hann tók við liðinu af Ólafi Jóhannessyni, núverandi landsliðsþjálfara. Undir stjórn Heimis varð FH meistari í fyrra og er með dágóða forystu á toppi deildarinnar nú. Heimir varð einnig Íslandsmeistari með FH sem leikmaður.



sport
sport@frettabladid.is

ÓLI STEFÁN FLÓVENTSSON: GREINDIST MEÐ SVÍNAFLENSUNA Í GÆR EN AÐRIR NÍU LEIKMENN GRINDAVÍKUR VEIKTUST

Mikilvægt að önnur lið í deildinni geri ráðstafanir

Grindvíkingurinn Óli Stefán Flóventsson staðfesti í gær að hann hefði greinst með svínafleynsuna. Níu aðrir leikmenn liðsins veiktust einnig skyndilega eftir síðustu helgi og er talið líklegt að þeir séu með sams konar fleynsu, en rannsóknir á sýnum munu leiða það í ljós í dag.

„Ég fékk staðfestingu á að um svínafleynu væri að ræða í hádeginu í dag [í gær] og er búinn að vera rosalega veikur en er að rífa mig upp úr þessu og er nú orðinn hitalaus. Ég fékk mikinn hita á mánudagsmorgun og fann þá fyrir miklum haus- og beinverkjum, fann fyrir særingdum í hálsi og hóstaði sífellt meira og meira. Mér skilst að samkvæmt reglum landlæknisembættisins þurfi menn að halda kyrru fyrir í viku á eftir,” segir Óli Stefán.

Hann gerir sér ekki almennilega grein fyrir því hvernig eða hvenær hann hafi smitast en segir augljóst að ekki þurfi mikið til.

„Ég var byrjaður að hósta eitthvað á laugardegningu og lækarnir halda að ég hafi líklega verið orðinn smitber þá. Það var hins vegar ekkert verið að spá neitt í þetta og menn áttuðu sig ekkert á þessu. Zoran [Stamenic] var orðinn veikur



á laugardegningu og gat ekki spilað leikinn á sunnudegningu vegna veikindanna og ég sit einmitt hliðina á honum í klefanum, þannig að það þarf líklega lítið til að menn smitist. Við vorum líka allir að drekka úr sömu vatnsbrúsum og annað slíkt,” segir Óli Stefán.

Óli Stefán segir mikilvægt að önnur lið í deildinni geri ráðstafanir um leið og einhver leikmaður finni fyrir einkennum og taki þann mann bara úr umferð.

„Það er mikilvægt að einblína á það núna að önnur lið í deildinni hafi varann á, því þetta er bráðsmitandi andskoti. Þetta gæti vissulega sett strík í reikninginn á Íslandsmeistarinn ef heilu liðin fara að hrynja niður í fleynu hvert á fætur öðru. KSÍ hlýtur annars að þurfa að taka þetta með í reikninginn. Þetta er bara faraldur og fleiri lið eiga eftir að lenda í þessu.“ Grindvíkingar hafa þegar sótt um frestun til mótanefndar KSÍ á næsta leik sínum í Pepsi-deildinni gegn ÍBV á sunnudag.

ÚRSLIT

1. deild karla

KA-Afturelding	2-1
0-1 Albert Ástvaldsson (35.), 1-1 David Dísztli (42.), 2-1 David Dísztli (56.).	
ÍA-Haukar	0-1
0-1 Úlfar Pálsson (4.).	
Víkingur R.-Leiknir R.	1-2
0-1 Ólafur Kristjánsson (75.), 1-1 Marteinn Briem (78.), 1-2 Ólafur Kristjánsson (90. +1).	
Víkingur Ó.-Selfoss	1-6
1-0 Brynjar Guðjónsson, 1-1 Hjörtur Hjartarson, 1-2 sjálfsmark, 1-3 Stefán Gunnlaugsson, 1-4 Arillius Marteinsson, 1-5 og 1-6 Sævar Gíslason.	

STABAN Í DEILDINN

1. Selfoss	16	11	2	3	34-18	35
2. Haukar	16	9	4	3	31-18	31
3. KA	16	7	5	4	23-15	26
4. HK	15	8	2	5	27-21	26
5. Leiknir R.	16	6	6	4	22-20	24
6. Fjarðabyggð	15	7	2	6	25-25	23
7. Víkingur R.	16	6	3	7	27-24	21
8. Þór	15	7	0	8	21-22	21
9. ÍR	15	6	1	8	27-34	19
10. ÍA	16	4	5	7	20-23	17
11. Aftureld.	16	3	5	8	17-26	14
12. Víkingur Ó.	16	2	1	13	16-44	7

HM U-21 árs í handbolta

Ísland-Noregur 34-24 (20-11)
Mörk Íslands: Ólafur Gústafsson 6, Oddur Grétarsson 5, Rúnar Kárasón 5, Ásbjörn Friðriksson 5, Ólafur Bjarki Ragnarsson 4, Guðmundur Árni Ólafsson 4, Anton Rúnarsson 3, Bjarni Aron Þórðarson 1, Hjálmar Þór Arnarson 1.
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 18, Ingvar Kristinn Guðmundsson 5.
 *Ísland keppir um 13.-14. sæti í mótiinu.



EMIL Líklega á leiðinni í ensku b-deildina eftir allt saman. NORDIC PHOTOS/AFP

Simon Davey, Barnsley: Emil vonandi klár í næsta leik

FÓTBOLTI Knattspyrnustjórnirinn Simon Davey hjá ensku b-deildarfélaginu Barnsley er sannfærður um að landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson muni í dag skrifa undir samning við félagið eftir að Barnsley og Reggina komust að samkomulagi um lánsamning á dögum.

Ítalskir fjölmiðlar greindu síðar frá því að leikmaðurinn sjálfur vildi ekki fara til Englands, en ef marka má Davey gæti Emil verið í leikmannahópi Barnsley fyrir leikinn gegn Aroni Einari Gunnarssyni og félögum í Coventry á morgun.

„Við munum setjast niður með Emil á föstudagsmorgun og þá verður vonandi gengið frá samningi. Síðan þurfum við að fá leikheimild frá knattspyrnusambandi Íslands og þá ætti hann að ná leiknum gegn Coventry,” segir Davey í viðtali á opinberri heimasíðu Barnsley.

Þóra á að vera í markinu á EM

Fréttablaðið leitaði til þjálfara liðanna í Pepsi-deild kvenna og spurði þá nokkurra spurninga varðandi íslenska kvennalandsliðið sem er á leiðinni á lokakeppni Evrópumótsins í Finnlandi síðar í þessum mánuði.

FÓTBOLTI Það styttist óðum í Evrópumótið í Finnlandi og íslenska kvennalandsliðið er nú komið saman fyrir lokaundirbúning sinn. Ein stærsta ákvörðunin sem bíður Sigurðar Ragnars Eyrjólfsssonar er að velja á milli tveggja frábærra markvarða liðsins en Þóra Björk Helgadóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir hafa aldrei verið í betra formi og hafa báðar farið á kostum með liðum sínum í Noregi og Svíþjóð.

Þjálfarar Pepsi-deilda kvenna eru þó nánast á einu máli um hvor eigi að vera í markinu því átta af tíu segja að Þóra eigi að vera markmaður númer eitt.

Fréttablaðið kannaði skoðanir tíu þjálfara Pepsi-deilda kvenna á nokkrum hlutum varðandi landsliðið og EM. Þjálfararnir voru, auk þess að velja markmann liðsins, spurðir hver væri mikilvægasti leikmaður liðsins, hver kæmi mest á óvart á EM og hvernig liðinu myndi ganga.

Þóra hefur meiri reynslu

Þóra Björk Helgadóttir fær atkvæði átta af tíu þjálfurum. „Þóra á að klára sinn landsliðsferil þarna,” sagði einn þjálfarinn og flestir tala um að hún hafi meiri reynslu en Guðbjörg og það ráði úrslitum. „Þóra fær mitt atkvæði, mér finnst hún betri markmaður og hún er best undir mikilli pressu og álagi. Hún stýrir vörninni vel og gefur henni sjálfstraust með miklu öryggi í sínum leik. Einnig hef ég séð hana á æfingum núna og hún er í hörkuformi,” sagði annar þjálfari úr Pepsi-deildinni.

Guðbjörg fær aðeins tvö atkvæði þrátt fyrir að hafa staðið sig frábærlega með Djurgården á sínu fyrsta ári í sænsku deildinni. „Guðbjörg á að standa í markinu, hún er á toppi síns ferils að spila gríðarlega vel í einni af þrem sterkustu deildum heims. Hungrið og viljinn fyrir því að spila knattspyrnu í háum gæðaflokki um ókomna tíð er til staðar. Hún er því sá markvörður sem ver mark liðsins næstu árin og á að fá þessa reynslu á EM í ár,” sagði annar þjálfarinn og hinn segir að þær séu jafngóðar en að það sé meiri framtíð í Guðbjörgu.

Allir ættu að fá góða vísbendingu um hvor þeirra verður í markinu þegar Ísland mætir Serbíu á Laugardalsvöllinum á laugardaginn.

Margrét Lára og Katrín mikilvægastar
 Fimm leikmenn íslenska liðsins fengu atkvæði sem mikilvægasti leikmaður liðsins. Markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir fékk flest atkvæði eða fimm en fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir fékk fjögur atkvæði, þar af tvö sem hluti af mikilvægu miðvarðarpari með Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur. Einhverjir þjálfarar áttu erfitt með að gera upp á milli. „Þetta er gríðarlega erfið spurning, ég met þetta þannig að miðvarðarparið og Margrét Lára séu mikilvægustu



ERFITT VAL Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyrjólfssson þarf að ákveða hver verður markvörður númer eitt á EM í Finnlandi en Guðbjörg Gunnarsdóttir og Þóra Björk Helgadóttir hafa báðar verið sjóðandi heitar með félagsliðum sínum undanfarið. Þjálfarar Pepsi-deilda kvenna eru á því að Sigurður Ragnar eigi að velja Þóru Björk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

leikmenn Íslands eins og stendur og ég get ekki gert upp á milli þeirra,” sagði einn þjálfarinn.

Skarð Margrétar Láru verður ekki fyllt að mati margra þjálfaranna. „Liðið þarfnast leikmanns sem hefur sannað sig sem markasrkorari á stóra sviðinu á móti frábærum vörnum og vel skipulögðum liðum,” sagði einn og annar átti erfitt með að gera upp á milli Katrínar og Margrétar en komst samt að niðurstöðu. „Það er eiginlega engin sem getur fyllt skarð Margrétar, eigum því miður ekki annan senter eins og Margréti þannig að ég held að hún fái mitt atkvæði.“

Katrín fær mikið hrós frá þjálfurum. „Hún er svakalegur leiðtogi, skorar mikilvæg mörk og á eftir að drífa liðið áfram,” sagði einn og fyrirliða íslenska liðsins og annar var á svipuðum nótum. „Katrín er mikill leiðtogi í þessu liði bæði innan valla og utan og stelpurnar bera mikla virðingu fyrir henni.“

Þeir þjálfaranna telja að liðið komist ekki áfram. „Þær munu standa í öllum liðum en fara ekki upp úr riðlinum. Til þess er riðillinn of sterkur og við erum enn með of marga farþega í hópnum sem hafa engu að bæta við þetta lið,” sagði einn þjálfarinn, sem trúir ekki á að liðið fari í átta liða útríkk.

Fréttablaðið þakkar góð viðbrögð þjálfaranna tíu í Pepsi-deild kvenna við þessari könnun. Nú er bara að bíða og sjá hvernig stelp-

mest á óvart en þær Katrín Ómarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir fengu báðar tvö atkvæði. Einn þjálfarinn talaði þó um að það kæmi ekkert á óvart í þessu liði.

Flestir þjálfaranna eru bjartsýnir á gengi íslenska liðsins á mótinu og sjö af tíu þjálfurum spá því að íslenska liðið komist upp úr riðlinum.

„Ég hef trú á því að ef við náum góðum úrslitum úr þeim leik og verðum ekki fyrir meiðslum, þá ná liðið frábærum árangri,” sagði einn og annar er á svipuðum nótum. „Ég hef mikla trú á þessum stelpum sem eru búnar að leggja mikið á sig til þess að toppa núna á EM.“

Príur þjálfaranna telja að liðið komist ekki áfram. „Þær munu standa í öllum liðum en fara ekki upp úr riðlinum. Til þess er riðillinn of sterkur og við erum enn með of marga farþega í hópnum sem hafa engu að bæta við þetta lið,” sagði einn þjálfarinn, sem trúir ekki á að liðið fari í átta liða útríkk.

Fréttablaðið þakkar góð viðbrögð þjálfaranna tíu í Pepsi-deild kvenna við þessari könnun. Nú er bara að bíða og sjá hvernig stelp-

urnar okkar standa sig þegar á hólminn er komið í Finnlandi. ooj@frettabladid.is

NIÐURSTÖÐURNAR

Hvort á Þóra eða Guðbjörg að standa í markinu?	
Þóra Björk Helgadóttir	8 atkvæði
Guðbjörg Gunnarsdóttir	2
Hver er mikilvægasti leikmaður íslenska liðsins? (sumir þjálfarar gáfu fleiri en eitt atkvæði)	
Margrét Lára Viðarsdóttir	5 atkvæði
Katrín Jónsdóttir	4
Guðrún Sóley Gunnarsdóttir	1
Edda Garðarsdóttir	1
Hólmfríður Magnúsdóttir	1
Hvaða leikmaður mun koma mest á óvart á EM?	
Katrín Ómarsdóttir	2 atkvæði
Sara Björk Gunnarsdóttir	2
Kristín Yr Bjarnadóttir	1
Guðný Björk Óðinsdóttir	1
Fannnis Friðriksson	1
Margrét Lára Viðarsdóttir	1
Rakel Hönnudóttir	1
Erna Björk Sigurðardóttir	1
Hvernig mun íslenska liðinu ganga?	
Upp úr riðlinum	7 atkvæði
Ekkert upp úr riðlinum	3

WILTU VINNA TÖLVU?

Kíktu á nýjan og glæsilegan fartölvuvef
www.elko.is/fartolvur

Aðalvinningur
er MacBook

FARTÖLVU DAGAR ELKO

SENDU SMS **ELKO MAC**

Á NÚMERIÐ **1900** OG SVARAÐU SPURNINGU!

Þú gætir unnið **MacBook** tölvu!

Aukavinningar eru: GSM Sími · DVD myndir · Bíómiðar
Tölvuleikir · Pepsi · Geisladiskar og margt fleira.

facebook
leikur!

Vertu aðdáandi
og þú gætir unnið
10.000 kr.

10. HVER
VINNUR!

ELKO

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Beauty and the Geek

Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða þar skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hversu djúpt er á töffaranum og samkvæmisljóninu hjá gáfnaljósinu og hversu auðvelt fegurðardísín á með að skyggjast undir yfirborðið og nota heilann í stað þokkans sér til framdráttar. Leikurinn eru auðvitað gerður til þess að þátttakendur vikki sjóndeildarhringinn og uppgötví á sér nýjar hliðar en skemmtunin er líka fólgin í því hversu spaugilegt það getur verið að sjá fólk þurfa að gera og vera eitthvað annað en það er eða telur sig vera.



VIÐ MÆLUM MED Poppunktur

Sjónvarpið kl. 20,10

Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita þar sem gáfur og víska, ásamt snerpu, atgervi og heppni, ráða niðurstöðunni. Nú er komið að öðrum leik í átta liða úrslitum og munu söngelsku poppararnir í hljómsveitinni Buff keppa á móti hljóð- og ljóðræna listafólkinu í múm. Það má því búast fastlega við gríðarlegri spennu og skemmtilegum leik.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunfrúin
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Morgunfrúin
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Sagnaslöð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Borgarsögur
- 15.03 Útlitssagan: Ljósíð í vatninu
- 15.25 Án ábyrgðar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfreginir
- 16.13 Jazzhátíð á Rás 1
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Óvissuferð - allir velkomnir
- 21.10 Húslestrar á Listahátíð 2009
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristlegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.45 Hollyoaks (254:260)

17.15 Hollyoaks (255:260)

17.40 The Sopranos (25:26) Þrátt fyrir að hafa átt mikilli velgengi að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er fjölskyldumadurinn og mafíuföringinn Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

18.25 Big Day (11:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.

18.45 Hollyoaks (254:260)

19.15 Hollyoaks (255:260)

19.40 The Sopranos (25:26)

20.25 Big Day (11:13)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

► 21.40 Peep Show (5:12) Gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

22.05 NCIS (1:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefni eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.

22.50 Eleventh Hour (4:18) Dr. Jacob Hood eðlisfræðingur aðstoðar FBI við að rannsókna sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar og eru jafnvel talin vera af yfirmátturulegum toga. Það er jafnan allra síðasta úræði að kalla Hood til enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi.

23.35 Fréttir Stöðvar 2

00.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.00 Only Fools and Horses 10.30 Absolutely Fabulous 11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Hero 12.30 After You've Gone 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 My Hero 15.15 After You've Gone 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 My Hero 17.15 Doctor Who 18.00 My Hero 18.30 Extras 19.00 Coupling 19.30 Blackadder II 20.00 The Jonathan Ross Show 20.50 Coupling 21.20 Blackadder II 21.50 Doctor Who 22.35 The Jonathan Ross Show 23.25 Coupling

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Aftenshowet med Vejret 10.40 Mit syvende år 11.30 Soren Ryge præsenterer 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Hovdingebold 13.55 En lille reminder. Nye II 14.05 Lucky Luke 14.30 Naruto 14.55 Den lyserode panter 15.00 Fodboldtrengen 15.30 Fredagsbio 15.40 Den lille prinsesse 15.50 Manda 16.00 Dronningens elefanter 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjøv 18.00 Talent 09 19.00 TV Avisen 19.30 Bridget Jones' dagbog 21.05 Fight Club

NKI

11.00 Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand 12.00 Smykketyven 13.30 Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Ove 16.10 1. klassingene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsnytt 17.30 Norge rundt 17.55 Lewa livet! 19.10 VM friidrett. Dagen for dagen 19.40 Taggart 20.50 Komiprisen 2009. Årets morsomste 21.00 Kveldsnytt 21.15 Tudors 22.10 Alison Krauss - countrypop uten grenser 23.05 20 spørsmål 23.35 Country jukebooks m/chat

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Friidrottskväll 10.35 AnneMat 11.05 100 procent bonde 12.20 Kommer du ihåg Frank? 13.20 1800-talet ut-och-in 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Packat & klart sommar 15.25 Öringfiske jorden runt 15.55 Blomsterspråk 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Strömsö 16.55 Jakten på sanningen 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Pistvaikt 18.30 Sjukan 19.00 Friidrott 19.30 Charlies Anglar - Utan hämningar 21.15 Stressad, rädd och förbannad 21.45 Född igår 23.25 Sändningar från SVT24

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **106%** meiri lestur en Morgunblaðið.

72%

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírátt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

35%



MORGUNBLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Meðallestur á tölublaði á höfuðborgarsvæðinu, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 - júlí 2009.

Allt sem þú þarft...



MORGUNMATURINN



„Ég fer oft niður á Te og kaffi á Laugaveginum og fæ mér Trópi og croissant. Annars er það bara drykkjarjógurt eða eitthvað fljótlegt.“

Anna Svava Knútsdóttir leikkona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. dýrka, 6. ryk, 8. kvikmyndahús, 9. þunnur vökvi, 11. tvö þúsund, 12. hroki, 14. vinna, 16. átt, 17. sérstaklega, 18. tæfa, 20. hljóta, 21. trufun.

LÓÐRÉTT

1. vilji, 3. í röð, 4. fax, 5. auð, 7. naggrís, 10. fálm, 13. blaður, 15. skjótur, 16. arinn, 19. bókstafur.

LAUSN

frár, 16. stó, 19. ká.

LÓÐRÉTT: 1. vilji, 3. áb, 4. símbref, 5.

17. sér, 18. tilk, 20. fál, 21. ónauð.

LÁRÉTT: 2. dás, 6. im, 8. bíó, 9. lap.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Mika.
2. Um 23 þúsund manns.
3. Kristján Örn Sigurðsson.

www.this.is/krossgatur

250 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR

NÝ GÁTA Í HVERRI VIKU

Brotist inn í æfingahúsnæði Ingós og Bennys

Brotist var inn í æfingahúsnæði hljómsveitanna Ingós og Veðurguðanna og Benny Crespo's Gang í Tónlistarþróunarmiðstöðinni fyrir skömmu. Þjófurinn eða þjófarnir höfðu á brott með sér hljóðfæri og verðmætun tækjabúnað frá síðarnefndu sveitinni.

Tilkynning um þjófnaðinn hefur farið eins og eldur í sínu um Facebook-síðuna að undanförunni í von um að málið verði upplýst. „Þetta var allt dót frá Benny Crespo's Gang en það er samt leiðinlegt að það sé brotist inn í okkar húsnæði“, segir Ingó. „Ég á ekki neitt af þessu dóti og hinir strákarnir í hljómsveitinni eiga kannski magnara í mesta lagi. En það var stolið miklu af flottu

LAY LOW Lay Low og félagar í Benny Crespo's Gang tilkynntu þjófnaðinn á Facebook.

og rándýru dóti frá þeim. Þeir eru rosaalega pirraðir enda græjunörðar sem grúska lengi til að finna svona græjur.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem brotist er inn hjá Veðurguðunum því 17. júní í fyrra var hljóðfærum stolið úr sendiferðabíl þeirra sem hafði verið lagt fyrir utan

Reykjavíkurflugvöll. „Bílinn var tæmdur en það tjón var örugglega minna en þetta tjón“, segir Ingó. „Þá var stolið dóti upp í kannski hálf milljón en við fundum eitthvað af því aftur.“

Þrátt fyrir innbrotið býst Ingó við því að Veðurguðirnir haldi áfram að æfa í Tónlistarþróunarmiðstöðinni, sem er úti á Grandu. „Ég veit að strákarnir í minni hljómsveit eru allir tryggðir fyrir þessu tjóni.

Þetta er auðvitað persónulegt en ég hugsa að við verðum barna áfram.“



INGÓ Brotist var inn í æfingahúsnæði hljómsveitarinnar Ingós og Veðurguðanna á dögunum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hvort sem það tengist aukinni samkeppni á sviði útværsmála eða ekki fagna margir því að ein helsta stjarnan í útvarpi fyrir um kvartöld, helsta útspil Jóns & Gulla eða útværspáttarinn „Tveir með öllu“ í brandaramálum, sem margir töldu útbrunninn með öllu, Jóhannes á Fóðurbílnum, er skyndilega farinn að heyrast í útvarpi á nýjan leik. Í gærmorgun hlógu þeir innilega saman á Bylgjunni þeir Ívar Guðmundsson og Jóhannes og Ívar bauð svo Jóhannesi að skemmta sér með Bylgjufólki á bókum Rangár þar sem verður mikil fjölskylduskemmtun um næstu helgi.



Annars leikur allt í lyndi hjá Ívari Guðmundssyni og þá ekki síður félagar hans í próteinvörusölu og líkamssæktinni – Arnari

Grant. Þrátt fyrir að 2007 sé að baki og ekki ódyrt að hafa einkapjálfa á sínum snærum er Arnar svo eftirsóttur að hjá honum er biðlisti eftir að komast að.



Enn einn sem tengist Bylgjunni er Jón Ólafsson, stundum kallaður „Jón vondi“ til aðgreiningar frá alnafna sínum í tónlistargeiranum – sem einhverra hluta vegna er kallaður „góði“. Athafnamaðurinn átti á árum áður undir högg að sækja hjá almenningssálitinu og var meðal annars núð því um nasir að vera á vinnukonunáttu. En Jón virðist nú dýrlingur miðað við útrásarvikinga og viðskiptavinir N1 á Njarðargötu fengu einmitt innýrn í hvernig lífa má spart þegar þeir sáu Jón blaða vel og lengi í tekjublaði Mannlífs og setja það svo aftur í hilluna. - jbg



GEIRFUGLARNIR SETJA SIG Í STELLINGAR Ætla að spila fyrir gesti Ölstofunnar sem og fyrir fanga sem safnast fyrir í garði fangelsins við Skólavörðustíg.

SKJÖLDUR SIGURJÓNSSON: LEYFI FANGELSISYFIRVALDA FYRIRLIGGJANDI

Fyrir fanga og fyllibyttur

„Við höfum fengið leyfi fangelsisyfirvalda. Þeir Geirfuglar verða fyrst eins og Bítlarnir, snúa sér þá við og breytast í Johnny Cash,“ segir Skjöldur Sigurjónsson, veitingamaður á Ölstofunni.

Menn eru nú í óðaönn að undirbúa Menningarnótt sem verður aðra helgi í Reykjavík. Misfrumleg atriði eru á teiknaborðinu en eitt hið úthugsaðasta hlýtur að teljast það sem Skjöldur stendur að ásamt hinni elskuðu hljómsveit Geirfuglum – sem nú ætla heldur betur að bæta einni rós í hnappagatið. Hljómsveitin mun halda tónleika á þaki Ölstofunnar. Svo háttar til að þaðan er gott útsýni yfir í garð fangelsins við Skólavörðustíg. „Spilað fyrir fanga og fyllibyttur,“ segir Freyr Eyjólfs

son og lýsir atriðinu, líft og Skjöldur, með vísan til frægra tónleika Bítlanna af þaki Apple-byggingarinnar og því þegar Johnny Cash lék fyrir fanga í Folsom-fangelsinu. Hann slær ekki loku fyrir að lögin Folsom Prison Blues og jafnvel Elvis-slagarinn Jailhouse Rock verði á efnisskránni.

„Bubbi Morthens fer alltaf á Litla-Hraun á aðfangadag. Við ætlum að spila fyrir íbúa að Skólavörðustíg 9 á Menningarnótt. Þeir eru þarna í hringiðunni en finna aðeins reykin af réttunum. Svo nálægt en samt svo fjarri. Heyra óminn af gleðinni en sjá ekki,“ segir Freyr og boðar að nú horfi til breytinga hvað það varðar. En það eru ekki einungis fangar sem

njóta tónlistar Ölstofunnar heldur einnig gestir Ölstofunnar og þeir sem safnast saman á torginu sem liggur milli hennar og Vegamóta. „Já, sko... fyllsta jafnræðis verður gætt. Við erum sex í hljómsveitinni og líklega verður þetta þannig að þrjár snúa að fyllibyttunum og þrjár að íbúum við Skólavörðustíg,“ segir Freyr. Atriðið er enn í móttun og Freyr hugsar upphátt í samtali við blaðamann Fréttablaðsins. Segir að vel megi vera að þeir fái gesti á borð við Arna Johnsen og Kalla Bjarna til að taka með sér lagið. Jafnvel að endurvefja Rimlabandið með Rúnari Þór. „En það er fyrir öllu að íbúar að Skólavörðustíg 9 fái notið þess sem er í boði á Menningarnótt sem og aðrir landsmenn.“ jacob@frettabladid.is



Gnoðarvogi 44,
s. 588 8686.

HUMAR frá 2.390
KLAUSTURSBLEIKJA
ÞORKHNAKKAR
LÚÐUFLÖK

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

Réttir í Reykjavík í september

Tónleikaröðin Réttir verður haldin í Reykjavíkurborg 23. til 26. september, á sama tíma og tónlistarráðstefnan You Are In Control og kvikmyndahátíðirnar Reykjavík International Film Festival og Nordisk Panorama verða haldnar.

Á meðal hljómsveita sem koma fram verða Hjalmar og Retro Stefson. Einnig er hugsanlegt að erlendir tónlistarmenn stígi á svið. „Við vissum að það væri fullt af hljómsveitum að fara að gera eitthvað á þessum tíma. Þá er eitthvað heitir Réttir af því að það er það sem við ætlum að gera; að smala öllum saman,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, einn af skipuleggjendum Réttar. „Við ákváðum



RETRO STEFSON Hljómsveitin Retro Stefson stígur á svið á tónleikaröðinni Réttum í september.

að vinna þetta saman í staðinn fyrir að hver sé í sínu horni. Það hefur sannast að þegar íslenska tónlistarsnanan tekur sig saman verður hún mjög sterk.“

Dagskráin verður á Nasa, Sódómu, Batteríinu og hugsanlega fleiri stöðum og verður stærri en Innipúkinn, sem var einmitt haldin á Sódómu og Batteríinu um verslunarmannahelgina.

Miðaverði á tónleikaröðina verður stillt í hof og er stefnt að því að allir þeir sem komi að henni fái greitt. Margir erlendir blaðamenn og fólk úr afþreyingargeiranum verður í borginni þegar hátíðin verður haldin og því gætu tækifæri skapast fyrir hljómsveitirnar í framhaldinu. „Þetta er mjög skemmtilegur vettvangur til að koma sér á framfæri en er þó ekki hugsað þannig. Það er fyrst og fremst verið að stíla á íslensk-arkandað,“ segir Steinþór. - fb

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Full búð af nýjum vörum



20% kynningarafsláttur!

OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16
ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242



Skólabókardæmi Eymundsson fylgir með blaðinu í dag



BAKÞANKAR
Brynhildur
Björnsdóttur

Ef að væri

Ísland í dag er í viðtengingarhætti. Fréttatímar hefjast gjarna á orðinu „Ef“ og síðan koma langar vangaveitir um hvað gæti gerst ef eitthvað annað gerist eða gerist ekki fyrst. Ef Icesave-samningurinn verður samþykktur, ef það eru til einhverjir peningar til að borga skuldirnar, ef loftslagsbreytingar halda áfram með sama hraða, ef Íslendingar fá að ganga í Evrópusambandið, ef þeir vilja það svo ekki, ef það verður kosið núna, virkjað á hálendinu, jarðskjálfti, súld á miðum...

EF er þó enn verra í þátt. Ef einhverjir hefðu ekki sagt það sem þeir sögðu eða gert það sem þeir gerðu, ef við hefðum ekki kosið eins og við kusum og svallað eins og við svölluðum þá værum við miklu betur stödd í dag. Eins og sú vitneskja breyti einhverju.

EF-FRÉTTIRNAR eru best til þess fallnar að valda kvíða. Þar sem enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér eru möguleikarnir óteljandi. Hver sérfræðingurinn af öðrum kemur með sína skoðun á því sem gerðist og sína túlkun á því sem koma skal. Fyrst voru það hagfræðingar, nú lögfræðingar. Og engir tveir eru sammála. Á þetta höfum við svo hlustað í næstum því heilt ár án þess að skilja upp eða niður og án þess að vera miklu nær. Er kreppan búin að ná botninum? Hvað þurfum við að herða sultarólina mikið fastar? Kemst ég einhvern tíma aftur til útlanda? Verða til bananar hér á næsta ári? Fá börnin mín almennilega menntun?

Í óvissunni miðri er léttir þegar öruggar og efalausear staðreyndir eru bornar á borð. Hinn áttunda ágúst var þetta helst í fréttum: „Formaður Rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið segir að nefndin færi þjóðinni líklega verri fréttir en nokkur nefnd hafi áður þurft að gera. Nefndin birtir niðurstöður sínar 1. nóvember.“

ÞAÐ er gott að vita hvað er fram undan. Þá er hægt að kvíða fyrir raunverulegum atburðum í staðinn fyrir að liggja andvaka milli vonar og ótta um hvort allt fer á besta eða versta veg. Það hefði til dæmis verið frábært í ágúst í fyrra að vita hvað yrði helst í fréttum í nóvember. Við hefðum öll sofið svo miklu betur.

Í öllum efasemdunum sem gegnsýra samfélagið þessa dagana er eitt alveg pottþétt. Hinn fyrsta nóvember fæ ég verri fréttir en nokkur nefnd hefur nokkurn tíma fært nokkrum Íslendingi fyrr og síðar. Ég hlakka til.



GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 14. ágúst 2009, 226. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.16	13.32	21.46
Akureyri	4.49	13.17	21.42

Heimild: Almanak Háskólans

SPORTBÚÐIN

Ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum



Frábært verð

Ron Thompson alklæðnaður í veiðina. Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun. Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.



Hefurðu séð betra verð ?

Við höfum ekki séð betra verð á spúnun. aðeins 299 kr. stykkið.



Ódýru fluguhjól

Okuma Airframe fluguhjól. Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum. Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.



Flugulínur á finu verði

Ron Thomson flotlínur á ótrúlegu verði. Aðeins 4.995.



Sportbúðin býður betur

Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur, önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft í veiðina á góðu verði



Ódýrir veiðijakkar

Ron Thompson vatnsheldur veiðijakki með fjölda vasa. Líttu á verðið. Aðeins 12.980



Ótrúlegt verð

Flugustangir á frábæru verði. Aðeins frá 5.995.



Góðar vöðlur á góðu verði

Þunnar Nylo-Stretch vöðlur með áföstum stígvélum. Frábært verð. Aðeins 14.995.



Hálfvirði

Okuma og DAM veiðihjól. 50% afsláttur af völdum hjólum. Gott úrval og frábært verð.



Stál og hnífar

Hnífasettin komin aftur Áfram sama góða verðið 4.995



SPORTBÚÐIN

Í leiðinni úr bænum



4.995 kr.

Góð vesti á góðu verði Aðeins 4.995 kr.

Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is